



Sauðá í Borgarsveit

Fornleifaskráning vegna aðalskipulags



Horft til suðurs yfir Sauðárkrók. Ljós. GSS

Guðmundur St. Sigurðarson

Guðný Zoëga

Katrín Gunnarsdóttir

Sigríður Sigurðardóttir

2005/42

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	3
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	4
FORNLEIFASKRÁNING OG AÐFERÐIR	5
HELSTU MINJAFLOKKAR.....	6
FORNLEIFASKRÁ	11
Sauðá - 181763-48	11
Saga	11
Náttúrufar og jarðabætur.....	12
Minjar á Móum	31
Minjar á Hálsu	36
Minjar í Hryggjadal	78
Minjar við Gönguskarðsá.....	84
Minjar í þéttbýli	87
20. aldar minjar	92
Minjar í landi Sauðárkróks, áður Veðramótslandi.	123
<i>Minjar sem hafa sérstakt minjagildi eða eru áhugaverðar til kynningar.....</i>	130
FYLGISKJÖL	131
HEIMILDASKRÁ	139


Inngangur

Sauðárkrókur er stærsti þéttbýliskjarni Skagafjarðar. Gerð hefur verið ágæt **Bæjar- og húsakönnun** fyrir gamla bæinn á Sauðárkróki, sem Húsfriðunarnefnd ríkisins og Sveitafélagið Skagafjörður gáfu út 2001, en hingað til hefur engin skipulögð vettvangs- og fornleifaskráning verið til af landsspildunni sem þéttbýlið tekur yfir.

Grunnvinnu og drög að skýrslu þessari, er tekur til fornleifa og annarra mannvistarleifa sem gefa vísbendingar um þjóðhætti er tengjast landbúnaði, sjávarútvegi og þéttbýlismyndun, voru unnin á árunum 2001-2002. Við heimildaleit unnu Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur og Sigríður Sigurðardóttir, sagnfræðingur. Við skráningu á vettvangi vann Katrín Gunnarsdóttir. Lokið var við skýrsluna og hún aukin umtalsvert árið 2005, þá vann við heimildaöflun Guðmundur St. Sigurðarson nemi í fornleifafræði, vettvangsskráning var í höndum Guðmundar og Guðnýar Zoëga forstöðumanns fornleifadeildar Byggingasafns Skagfirðinga.

Viðtöl og leiðsögn um svæðið veittu Ingólfur Jón Sveinsson og Hjalti Pálsson. Þeim er þökkun veitt aðstoð.

Í lok skýrslunnar eru teknar saman niðurstöður og ábendingar.



Yfirlitsmynd af Sauðárkróki, myndin nær ekki yfir allt land bæjarins inní Hryggjadal, né heldur syðsta hluta landsins. Loftmynd N5296, Landmælingar Íslands.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er augljós hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Við það vinnst tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er hvorki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar né framkvæmdaaðila og þess vegna sameinar fornleifaskráning hagsmuni beggja, fræðigreinarinnar og þeirra sem að framkvæmdum standa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskonun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf í eigu sveitarfélgsins Skagafjarðar.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Sauðá 181763, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847), 48 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Sauðár er þá nr. 1 og auðkennt með eftirfarandi hætti: Sauðá – 181763 48-1. Sé jörð með landnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Valhöll, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. hesthús eða hlaða.

Lega

Þegar staðsetning minja er þekkt er nákvæm staðsetning þeirra skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Hnitin eru tekin í landshnitakerfinu ISN93. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmynd frá Landmælingum Íslands.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofta eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamenn við skráningu á Sauða voru: Hjalti Pálsson og Ingólfur Jón Sveinsson.

.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga,

smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðinu, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðar voru hringlaga en urðu seinna ferhyrndir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en ætlað hefur verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar við fjárhústóftir.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smíðjur: Smíðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar, eldiviðarkofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir,

gjarnan hringlaga en stundum ferhyrindir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar og stekkir: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en þær voru einn dilkur,. Kvíar voru yfirleitt hlaðnar upp þar til síðustu áratugi fráfernaskiðs að farið var að nota færiskvíar úr timbri og yfirleitt staðsettar á kvíabóli.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir: Eru smáaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráferur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráferna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni við bæi.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku

þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurru stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir/heystæði/heykuml/heygarðar: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru herra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjæiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld

grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Fornleifaskrá

Sauðá - 181763-48



Séð til norðvesturs yfir Sauðárkrók í landi Sauðár, Tindstóll í bakgrunni.

Saga

Sauðá stendur við Skagafjörð vestanverðan, austur undan fjallinu Molduxa undir brekkubrún miðja vegu milli sjós og fjalls. Kaupstaðurinn Sauðárkrókur umlykur nú gamla bæjarstæðið, Hlíðahverfið að ofan og vestan, en Túnahverfið að neðan og austan.

Sauðá er forn þingstaður og var hreppurinn kenndur við jörðina. Þar var hálfkirkja til forna og samkvæmt Sjávarborgarmáldaga skyldi syngja þar messur annan hvern helgan dag, páskadag, krossmessu og Nikulásarmessu.

Býlisins Sauðár er fyrst getið í Sturlungu í tengslum við liðsafnað fyrir Haugsnesbardaga 1246. (SS III: 117) Fyrstu heimildir um eignarhald eru frá 1391 og jörðin virðist í einkaeign í það minnsta fram til 1525, en árið 1556 er hún talin upp í eignaskrá Reynistaðarklausturs. (DI XIII: 143) Árið 1871 hófst föst búseta Sauðárkróki sem er í landi Sauðár og markar upphaf þéttbýlismyndunar á svæðinu. Árið 1907 var Sauðárhreppi skipt í Skarðshrepp og Sauðárkrókshrepp og landamerki Sauðár urðu þá hreppamörk hins nýja Sauðárkrókshrepps. Árið 1927 keypti kaптúnið Sauðárkrókur jörðina Sauðá og nýtti mest allt land jarðarinnar til beitar og ræktunar, en þáverandi ábúandi hélt eftir flestum jarðarhúsum, hluta túnsins og takmörkuðum beitarréttindum. (JB 1h: 49) Sauðá var í byggð til 1958. Sauðárhús er eina hjáleigan sem heimildir geta um á Sauðá, byggt um 1679 en lagðist í eyði fáeinum árum síðar og komst aldrei í byggð aftur. (JÁM IX: 50-51) Kristmundur Bjarnason segir Sauðárhús hafa verið í túni Sauðár (KB 1969: 18), en ekki er vitað um nákvæma staðsetningu. Aðrir mannbústaðir í landi Sauðár eru Hlíðarendi, sem er við endaða Skógarhlíð á Móunum vestur af Sauðárkróksbæ, og fornþýlin Kringla, á Hálsunum á móti Veðramóti, Hrólfsvellir og Háagerði í Hryggjadal, auk óþekktra tófta í sama dal sem virðast hafa verið býli. Þess utan voru kaupmannsbúðir og hugsanlega býli á

svokölluðum Hæringsbúðum sem eru nokkru austar en Kringla og norðan við Hlíðarenda. Óljósar heimildir eru einnig um búsetu á Kvíum í Sauðárlandi, en staðsetning óþekkt svo og hvort þar hafi verið um varanlega búsetu að ræða. (BS I: 296)

Náttúrufar og jarðabætur

„Sauða átti land að Sjóvarborg að austan, Áshildarholti og Kimbastöðum að sunnan, Tungu, Veðramóti og Skarði að vestan og norðan um Gönguskarðsá, sjó að norðaustan.“ (BS: 290)

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir um Sauða: „Hrísrif til eldiviðar bjarglegt og svo lyngrif. Torfrista lök, stunga lök. Silungsveiði hefur verið góð í sjónum við landi, þar sem heitir Sauðárkrókur. Hún þykir nú fara til rýðar en brúkast þó. Berjalestur nægur. Selveiðivon í minna lagi, hefur áður brúkast, en nú ekki margt ár. Rekavon sæmileg ...“ (JÁM IX: 50) Í jarðabók Reynisstaðaklausturs árið 1728 segir að jörðin hafi verið talin 40 hundruð að fornu mati og byggð fyrir 2 hundruð í landskuld með 6 kúgildum. Þar er landgæðum lýst svo: „Tún mikið að vexti en graslítið, blæs upp af sandi og melum sem á það ganga, forsorgar af töðu í meðalári 4 kýr en má ei vanta rækt árlega skuli það vera til nokkurra gagnsmuna. Útengi örðugt og langt til að sækja sem bevislegt er að lagt hafi verið frá Sjóvarborg til Sauðar móti reka frá Sauða til Sjóvarborgar sem hefur í langan tíma allt til þessa viðhaldist er þó annars grasgott engi sums staðar, snögglegt og víða ósláandi vegna grasleysis. Hagi á Sumardag ánægjulegur fyrir fé og stórgripi en örðugt til að sækja því að jörðin stendur á horni landsins. Vetrararbeit sæmileg eftir sem sveitarinnar ásigkomulagi er varið en er örðug og langt tildráttar. Landgæði sæmileg. Þrýðir þessa jörð nokkur hlunnindi af reka sem þó er nú lítill þar sá besti partur af rekatakmarkinu er lagður til Sjóvarborgar móti engjatakum sem áður er sagt. Útræði er nokkurt á þessari jörðu þegar það brúkast og vel í ári lætur einnig veiði af sjóreiður þegar vel fellur. Kostir eður ókostir þessarar jarðar eru ei fleiri en áður er skrifað. Taxerast þessi jörð svo á sig komin fyrir 1 hundrað 60 álnir landskuld með 5 kúgildum og tíundast hér sem 30 hundraða jörð“ (JR: nr. 22) Í jarðalýsingu frá 1849 segir: „[Túnið er] hérum bil 20 dagsláttur, meiri part þýft, sumpart mýrlent og skriða liggur í gegnum túnið, gefur með meðalrækt 6 kýrfóður til jafnaðar. Engjar liggja mjög langt frá bænum, sumpart niður í ey í Héraðsvötnum sem lögð hefur verið undir jörðina frá Sjóvarborg fyrir [...] rekaitak fyrir Sauðárlandi, og engjapart á jörðin upp í svokölluðum Heiðarteigum, sæmilega grasgefinn en heyléttan, en þar á móti er eyjan sérlega heygóð og sæmilega grösug, en undirorpin sjávarflóði til skemmda í norðanátt. Úttheyslægjur eru og nokkrar heima við í bithaga. Sumararbeit fyrir kýr er allgóð en léleg fyrir ásauði, vetrararbeit, einkum fyrir sauði, er allgóð, en hrossarbeit þarf að kaupa að, þó á jörðin nægilegt land. Torfrista og hrísrif til heimilisþarfa. Til hlunninda telst rúmgott skipsuppsátur og nokkur silungsveiði, sem metið er hálf hundruð, en á hina síðuna er jörð þessi sérlega örðug með heyaðflutning, þar ekki nást á dag nema 3 eða 4 heybandsferðir, og erfið fjárgeymsla á vetrum. Þessi jörð er álitin fær um að bera til jafnaðar 6 kýr, 64 ær, 120 sauði og 36 lömb, eður 26 hundruð. Fyrir sérstakan erfiðleika jarðarinnar er hér sleppt 2,5 hundruðum í peningsframtali og hálfu hundraði fyrir hlunnindi.“ (Skagafjarðarsýsla: Jarðamat 1949. Óprentað handrit í HSk.)

Frá fornu fari var heimræði frá Sauða og lending í betra lagi í svonefndum Sauðárkrók. Heimildir eru og fyrir því að bændur úr héraðinu vestanverðu áttu þar

verbúðir og héldu þaðan út skipum sínum vor og haust. Eftir að þéttbýli fór að myndast á Sauðárkróki skömmu fyrir aldamótin 1900 breyttust búskaparhættir á Sauða, hefðbundinn búskapur dróst saman og ábúendur sóttu að miklu leyti vinnu í þorpið.(BS I: 290)

Mat jarðarinnar hefur tekið allmiklum sveiflum í gegnum tíðina, eða frá 40 hundruðum að fornu mati og niður í 30 hundruð árið 1728, en svo aftur upp árið 1861 í 36,5 hundruð og árið 1922 var jörðin utan kaupstaðarlóðarinnar metin á 5.500 krónur.(BS I: 292-293)

Heimildaskrá

Sturlunga Saga, III bindi. Íslendingasagna útgáfan og Haukadalsútgáfan 1948.

Byggðasaga Skagafjarðar, I bindi. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709.

Jarðabók Reynistaðaklausturs 1728.

Jarðabók 1849. Óprentað handriti í HSK



Lofmynd: Landmælingar Íslands N5296. Teikning GSS eftir túnakorti Guðm. Sveinssonar 1917.

Sauða 181763 48 - 1

Sérheiti: Sauða

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470453 N 582389

Horfin: Já

Hættumat: Mikil hætta


Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Bærinn Sauðá stóð undir svolítilli brekku sunnan ysta hluta Sauðárgils. Sauðárkróksbær umlykur nú þetta svæði, Hlíðahverfið að vestan, en Túnahverfið að austan. Sjálft bæjarstæðið er rétt vestan götunnar Hásætis og þar er minnisvarði um bæinn á Sauðá.

Lýsing

Mikið rask hefur verið gert á svæðinu og engar leifar sýnilegar á sjálfu bæjarstæðinu. Bæjarstæðið er í dag auðkennt með minnisvarða um Sauðarbæinn. Árið 1970 var öskuhaugurinn sem stóð fast austan við bæinn fjarlægður og notaður sem undirlag fyrir íþróttavöllinn sem verið var að gera sunnan við Sundlaug Sauðárkróks. Neðan (austan) bæjarstæðisins liggur í dag gatan Hásæti og búið er að byggja hús við hana að austan og vestan. Gatan liggur að hluta til yfir gamla fjósstæðið þar sem enn fyrr hefur verið kirkjugarður og kirkja að líkindum staðið í grenndinni. Túngarðurinn sem var feyki stór og teygði sig umhverfis túnið hefur á köflum horfið undir hús og vegi en annars staðar verið jafnaður út með vélum, að undanskildum stuttum kafla undir brekkunni vestan við bæjarstæðið. Leifar útihúsa eru enn sýnilegar skammt frá bæjarstæðinu í vestur og suður.



Teikningin af Sauðarbænum úr Byggðasögu Skagfirðinga I, bls. 291.

Aðrar upplýsingar

Síðasti bæinn á Sauðá byggðu hjónin Christian Hansen og Björg Jóhannesdóttir Hansen árið 1891, timburhús með skjólvegg úr torfi að vestan og norðan. „Húsið var

hæð og ris, $14 \times 4,5 = 63 \text{ m}^2$ hver hæð. Rísið var þrjú stór svefnherbergi. Í daglegu tali kölluð suðurloft, miðloft og norðurloft. Kvistur með glugga til vesturs var á miðloftinu. Þar var stigin milli hæðanna. Vestan við húsið var geymsluhús og innangengt í það úr íbúðar húsinu. Þessi hús voru einu nafni nefnd Sauðárþærinn.“ (BB 2004: 44-45)

Heimildaskrá

Björgvin Brynjólfsson. Minningar og Lífssýn. Skagaströnd, 2004.

Byggðasaga Skagafjarðar I, Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur, 1999.

Sauðá 181763 48 - 2

Hlutverk: Kirkja, Hálfkirkja

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470473 N 582421

Horfin: Já

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Óvíst er hvar kirkjan hefur staðið, en heimildir auk fornleifafundar árið 2000 benda til að hún hafi staðið þar sem nú er gatan Hásæti, eða fast vestan hennar, um 40 m norður af minnisvarða Sauðárþæjarins.

Lýsing

Bakkinn þar sem fornleifarnar fundust árið 2000 og svæðið ofan hans er grasi gróið, neðan við er gatan Hásæti. Engin merki bygginga eru sýnileg ofanjarðar.

Aðrar upplýsingar

Í byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hálfkirkja var til forna á Sauðá. Samkvæmt Sjávarborgarmáldaga Péturs Nikulássonar Hólabiskups skyldi syngja þar tíðir annan hvern helgan dag, páskadag, krossmessu og Nikulásarmessu. Árið 1391 er vitnað til hálfkirkjuskuldur á jörðinni og að þar sé þingstaður.“ (BS I: 293) Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar frá 1709, stendur kirkjuhúsið enn þótt tíðir hafi ekki verið veittar í manna minni (sbr. JÁM: 50).

Óvíst er hvar guðshúsið hefur staðið nákvæmlega en þegar Christian Hansen gróf brunnin fyrir ofan fjósið á Sauðá komu í ljós mannabein og því ekki ólíklegt að á þeim slóðum hafi kirkjan staðið. Brunnurinn er u.þ.b. 40 m norður af minnisvarða Sauðárþæjarins, nálæga 7 m vestan við götuna Hásæti. Þá segir í byggðasögunni: „Talið er að bænahúsið á Sauðá hafi staðið utan og neðan við bæinn þar sem fjósið var síðast. Engin merki sáust þó um garðlag umhverfis fjósið á fyrri hluta 20. aldar.“ (BS I: 293) Fornleifafundurinn á Sauðá í apríl-maí 2000 var á þessum slóðum (þ.e. í bakkanum vestan götunnar Hásætis), en þar fundust mannabein sem reyndust vera frá um 990 (sjá nánar kafla um fundinn) og hugsanlegar byggingaleifar sem gætu verið yngri og e.t.v. af kirkju.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I, Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur, 1999.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hið Íslenska fræðarafjelag,

Kaupmannahöfn, 1930.

Sigurður Bergsteinsson, fornleifafræðingur 2001. Skýrsla um uppgröft að Sauðá á Sauðárkróki í maí árið 2000.

Sauðá 181763 48 - 3

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470459 N 582388

Horfin: Já

Staðhættir

Öskuhaugur stóð austan við bæjarstæði Sauðárbæjarins.

Lýsing

Þarna hefur verið sléttað.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hóllinn var óvenjustór af öskuhól að vera. Hann var afar vel gróinn, svo að ókunnugir töldu hann náttúrulegan en ekki mannaverk. Hann reis frá bæjarhlaðinu til austurs með líðandi halla og var um 5 m há austurbrún hans miðað við túnið fyrir neðan hann en halli var nokkur á landinu þar sem hóllinn var. Sunnan í hólnum var kartöflugarður sem aldrei brást spretta í. Að suðaustan var kartöflugeymsla grafin inn í hólinn. Þegar hún var grafin kom í ljós margt þar sem einkennt hafði búskaparhætti fyrri tíma. Þegar íþróttavöllurinn var byggður sunnan við sundlaugina á Sauðárkróki um 1970 var öskuhóllinn á Sauðá tekinn og ekið þaðan dögum saman undirlagi fyrir garðþökurnar. (BS I: 294)

Heimildaskrá

Heimild: Byggðasaga Skagafjarðar I, Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur, 1999.



Brunnur á Sauðá, horft til vesturs. Ljós. GSS.

Sauðá 181763 48 - 4

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur
Staðsetning: A 470469 N 582428
Ástand: Sæmilegt
Horfin: Nei
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Brunnur Sauðárbæjar var um 40 m í norður frá Minnisvarða Sauðárbæjarins. Um 7 m vestan við götuna Hásæti.

Lýsing

Tréhleri hefur verið settur yfir brunninn um 2 m í þvermál.

Aðrar upplýsingar

Í byggðasögu Skagafjarðar segir: „Christian Hansen gróf brunn ofan við fjósið einhver fyrstu árin sem hann var á Sauðá, fyrir 1890. Þessi brunnur er greinilegur enn, þótt fylltur hafi verið upp. Hann er í um 40 m í norðvestur frá minnisvarðanum á bæjarstæðinu. Þegar brunnurinn var grafin komu upp mannabein, sem gáfu vísbendingu að þarna væri kirkjugarður. Vatnið var einungis notað fyrir fjósið, og þótti vatnið úr honum aldrei gott. Sagt var að brunnurinn hafi verið 18 feta djúpur.“ (BS I: 293) Tréhleri hefur verið settur yfir brunninn um 2 m í þvermál.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I, Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur, 1999.



Leifar hesthúskofa syðst í túni Sauðár, horft til norðurs. Ljós. GSS.

Sauðá 181763 48 - 5

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 470451 N 582258

Lengd: 6,5 m

Breidd: 2,2 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Í byggðasögu Skagafjarðar segir eftir frásögn Björgvins Brynjólfssonar: „Tveir kofar voru á túninu, notaðir sem hesthús. Annar norðaustast þar sem nú er læknisbústaður, var sá nefndur Valhöll og notaður þegar taka þurfti á hús útigangshross. Hinn var syðst í túninu, mikið minni og hafður fyrir tamin hross sem var gefið inni. Þessir hesthúskofar svo og fjósið voru frá búskapartíð Einars Jónssonar sem bjó á Sauðá á undan afa og ömmu. [Christians og Björgu Hansen.] Önnur hús voru byggð af afa.“ (BS I: 294)

Lýsing


Nokkru sunnan við göngustíginn sem liggur úr Bæjargilinu er að finna tvískipta tóft sem gæti verið leifar hesthúskofa með áföstu heystæði eða skúr. Veggjalög eru óljós en hleðslugrjót markar gólflötinn sem er greinilegur og nokkuð lægri en umhverfið. Stærri hólfið er 4 x 2,2 m að innanmáli, langhliðin nálega norður-suður, inngangur nyrst að austan. Minna hólfið er norðan við það stærra, um 2 x 2 m með opi til norðurs.

Nánari lýsing

Einar Jónsson og kona hans Valgerður Þorleifsdóttir bjuggu á Sauðá 1858-1882 og Christian og Björg fram að fráfalli Christians 1930 eftir það bjó Björg til 1940. (Sbr. BS I: 298)

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I, Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur, 1999.



Sauðá 181763 48 - 6

Sérheiti: Valhöll

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470723 N 582502

Horfin: Já

Staðhættir

Í byggðasögu Skagafjarðar segir eftir frásögn Björgvins Brynjólfssonar: „Tveir kofar voru á túninu, notaðir sem hesthús. Annar norðaustast þar sem nú er læknisbústaður, var sá nefndur Valhöll og notaður þegar taka þurfti á hús útigangshross. Hinn var syðst í túninu, mikið minni og hafður fyrir tamin hross sem var gefið inni. Þessir hesthúskofar svo og fjósið voru frá búskapartíð Einars Jónssonar sem bjó á Sauðá á undan afa og ömmu. [Christians og Björgu Hansen.] Önnur hús voru byggð af afa.“ (BS I: 294)

Hesthúsið stóð þar sem nú er læknisbústaður sjúkrahússins.

Lýsing

Þarna stendur nú steinsteypt íbúðarhús.

Nánari lýsing

Einar Jónsson og kona hans Valgerður Þorleifsdóttir bjuggu á Sauðá 1858-1882 og Christian og Björg fram að fráfalli Christians 1930 eftir það bjó Björg til 1940. (Sbr. BS I: 298)

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I, Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur, 1999.

Sauðá 181763 48 - 7

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470642 N 582622

Staðhættir

Fjárhúsin stóðu þar sem sjúkrahúsið er í dag.

Aðrar upplýsingar

Í byggðasögu Skagafjarðar segir eftir Björgvins Brynjólfssonar: „Fjárhúsin voru nyrst á túninu þar sem nú er sjúkrahúsið. Þau voru fyrir 320 fjár með sambyggðri heyllöðu.“ (BS I: 294) Byggð af Christian Hansen á árunum 1882-1930 (sbr. sama heimild).

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, I bindi. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Sauðá 181763 48 - 8

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470479 N 582431

Horfið: Já

Staðhættir

Fjós stóð vestan í götunni Hásæti, um 40 m í norðvestur af bæjarstæði Sauðár.

Lýsing

Engin merki eru lengur um þetta fjós.

Aðrar upplýsingar

Í byggðasögu Skagafjarðar segir eftir frásögn Björgvins Brynjólfssonar: „Þegar ég man fyrst eftir var fjósið gamalt og lágreist með 10 básum, en það var stór og reisuleg hlaða, mikið yngri. Fjósið var frá búskapartíð Einars Jónssonar sem bjó á Sauðá á undan afa og ömmu. [Christians og Björgu Hansen]“ (BS I: 294) Björgvin er fæddur 1923. Einar Jónsson og kona hans Valgerður Þorleifsdóttir bjuggu á Sauðá 1858-1882 og Christian og Björg fram að fráfalli Christians 1930 eftir það bjó Björg til 1940. (Sbr. BS I: 298)

Heimildaskrá

Heimild: Byggðasaga Skagafjarðar I, Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur, 1999.

Sauðá 181763 48 - 9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: A 470454 N 582333

Hleðsluhæð: 10 cm

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Tóftir eru um 40 m suður af minnisvarðanum á Sauðá.

Lýsing


Þrjár óljósar tóftir eða tóftarbrot. Syðst er ferhyrnd dæld í jörðinni, um 5-10 cm lægri en umhverfið, innanmál um 3 x 1 m og liggur u.þ.b. í a-v. Veggjalög eru illgreinanleg en skil í gróðrinum gefa vísbendingu um nálega eins metra þykka vegg umhverfis dældina og op eða dyr vestast á norðurhliðinni. Um 5 m til norðausturs er önnur dæld, 5 m löng og 3 m breið í vesturendann en mjókkar niður í 1 m til austurs. Engir veggir greinanlegir. Þriðja tóftin er á milli hinna en nokkru suð-austar og er greinilegust þeirra. Hún myndar einskonar hornklofa, rúmlega 2 m langur suðurveggur og 1,5 m vegg stubbar á sitthvorum enda til norðurs. Þarna eru skil í gróðrinum og grænt innan um sinuna. Mikið grjót er í veggnum, sem er um 10 cm hár.

Heimildaskrá

Sauðá - 181763 48 - 9

Guðmundur St. Sig. 28/4 2005

Hnit: ISN 93 A 470454 N 582333



Túngarður vestan bæjarstæðisins á Sauðá, horft til suðurs. Ljós. GSS.

Sauðá 181763 48 - 10

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 470412 N 582391

Horfin: Að hluta

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir : „Öflugur garður var á Sauðá umhverfis túnið, nema á Lindarmýrinni blautri og illfærri, beint austur frá bænum. [...] Á melnum þar sem læknisbústaður sjúkrahússins er var annar endi garðsins og hann lá eftir brekkubrúnninni og upp norðan við þar sem sjúkrahúsið er neðan undir melnum suður fyrir ofan túnið og bæinn, suður fyrir Bæjargilið, þar sem nú er dæluhús hitaveitunnar fyrir Hlíðahverfið, en beygði síðan til austurs og endaði þar. Ennþá sjást stubbar af garðinum undir brekkunni fyrir ofan raðhús Dvalarheimilis aldraða og einnig ofan við bæjarstæðið. Heildarlengd túngarðsins var um 900 metrar, auk traðanna sem voru samsíða hlaðnir garðar ofan frá hliðinu niður að bænum. Tröðin var um 40 – 50 m löng og 3 metra breið [...]. Vallargarðurinn og tröðin þjónuðu því sama tilgangi að verja túnið ágangi umferðar og búfjár. Túngarðurinn var nokkuð vel gripheldur á fyrri hluta 20. aldar, víða 120-130 cm hár og um 40 cm þykkur að ofan. Vírstrengur var síðar settur ofan á hann að norðan.“ (BS I: 294)

Lýsing

Nú hefur verið sléttað úr garðinum að mestu leyti og einu heillegu leifar hans er að finna undir brekkunni vestur af minnisvarðanum. Þegar Katrín Gunnarsdóttir fór um svæðið 2003 var þar að finna „óljósar leifar garðsins á nokkuð stóru svæði umhverfis bæjarstæðið á Sauðá, en heillega hluta er að finna norðvestan þess. Garðurinn er grasivaxinn. Sá hluti hans sem ennþá sést er nokkuð sundurslitinn. Nyrðri endi garðsins: 5 m sem eru um 110 á hæð, þá koma 5 m sem eru 0.1-0.2 m á hæð, þá 7 m sem eru um 1.10 m á hæð, 4 m sem eru um 0.1-0.2 m á hæð, 5 m sem eru um 0.8 m hæð, 5 m sem eru 0.3 m á hæð, 9 m um 1 m á hæð, 4 m sem eru um 0.1m á hæð, 2 m um 0.9 á hæð, 3 m um 0.4 m á hæð, 2 m um 0.2 m á hæð, og 1 m um 0.3 á hæð. Garðurinn er breiðastur neðst, um 1 m á breidd, en mjókkar aðeins upp.“ (KG) Nú er þetta allt horfið fyrir utan áðurnefnt brot vestur af bæjarstæðinu.

Aðrar upplýsingar

Norðurendi garðs: A 470412 N 582391

Suðurendi garðs: A 470408 N 582377

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I, Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur, 1999.

Drög að skýrslu um fornleifaskráningu fyrir Sauðá eftir Katrínu Gunnarsdóttur.

Sauðá 181763 48 - 11

Hlutverk: Grafreitir

Tegund: Kirkjugarður

Staðsetning: A 470473 N 582421

Ástand: Slæmt

Horfin: Að hluta

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Grafreitur fannst í vegkantinum vestan götunnar Hásætis í vegkantinum.

Lýsing

Engin ummerki um grafreitinn eru sýnileg ofanjarðar.

Fornleifakönnun

Vegna byggingar nýrra íbúða, á deiliskipulagssvæði í grennd við gamla bæjarstæðið á Sauðá var lagður nýr vegur í apríl 2000. Þá komu í ljós mannabein í jarðvegsbakka sem var 1-1.5 m hár í vegakantinum. Vegurinn liggur norður-suður og komu beinin fram í bakkanum vestanmegin vegarins. Þar sem jarðvegsskipti höfðu þegar farið fram við vegagerðina, er ekki vitað hversu mikið af beinum hafa farið forgörðum í vegastæðinu.

Í byrjun maí árið 2000, rannsökuðu fornleifafræðingarnir Katrín Gunnarsdóttir og Sigurður Bergsteinsson, staðinn og athuguðu vegsummerki. Niðurgröftur 1. Eins og niðurgröfturinn kemur fram í sniðinu þá er hann 3,5 m á breidd og 60 til 90 cm djúpur. Hæð frá yfirborði sniðsins að því yfirborði sem grafið var í þegar grafirnar voru teknar er um 90 cm Rétt ofan við þetta forna yfirborð, þar sem það sést við suðurmörk niðurgrafterins, er beinhvítt gjóskulag á upprunalegum stað. Gjóska þessi er óslitinn yfir syðri helming graftarins en verður slitrótt norðar og hverfur alveg nyrst. Um 20 cm ofan við þessa gjósku er að finna gráa gjósku á upprunalegum stað. Neðst í niðurgreftinum sáust beinaleifar á fimm stöðum. Niðurgrefti þessum hafði verið raskað að norðanverðu með yngri niðurgrefti með steinhleðslu í,- líklega e.k. undirstöðu fyrir byggingu. Sniðið liggur í norður-suður. Breidd niðurgrafterins ásamt dreifingu beinanna í honum bendir til að hér sé um fleiri samliggjandi grafir að ræða. Ekki er hægt að segja með neinni vissu hversu margar grafirnar eru en leiða má líkur að því að niðurgröfturinn sé til kominn vegna fjögurra eða fleiri jarðsetninga. Þá er gengið út frá að hér sé um kristinn grafreit að ræða og að grafir snúi í austur-vestur. Þar sem sniðið liggur í norður-suður, þá ætti það að liggja þvert á breidd grafanna. Breidd grafa er yfirleitt minni en 80 cm, oft nálægt 50 til 60 cm. Samkvæmt þessu ættu að vera a.m.k. fjórar til sjö grafir í þessum niðurgrefti. En grafirnar gætu hafa verið fleiri, því oft er grafið ofan í eldri grafir. Dæmi eru um fjöldagrafir í kirkjugörðum frá miðöldum svo sá möguleiki er einnig hugsanlegur.

Niðurgröftur 2. Þessi gröf er 50 til 60 cm breið og virðist hafa verið um 50 cm djúp. Um 20 cm ofan við niðurgröftinn er rótað grjóthleðsla sem nær upp að núverandi yfirborði. Enga gjósku var að sjá ofan við eða í námunda við gröfina. Breiddin bendir til að hér sé um eina gröf að ræða. Engin bein sáust í gröfinni.

Niðurgröftur 3. Þessi niðurgröftur er u.þ.b. 2,5 metra breiður en mörk hans í suðri eru nokkuð óljós. Ekki var hægt að greina nákvæmlega hversu djúpur þessi niðurgröftur hefur verið en hann hefur verið a.m.k. 50 cm djúpur að sunnanverðu. Beinhvíta gjóskan var yfir niðurgreftinum á eins metra kafla. Frá botni grafarinnar að gjóskunni eru 70 til 90 cm. Nyrst í niðurgreftinum voru leifar höfuðkúpu. Í þessum niðurgrefti hafa líklega verið 3 til 5 grafir.

Niðurgröftur 4. Niðurgröfturinn er 80 til 95 cm breiður. Enga gjósku var að finna í námunda við hann. Óljóst er hversu djúpur hann hefur verið en hann hefur verið a.m.k. 50 cm. Ekki var hægt að greina botn grafarinnar vegna mikils vatnsrennslis og leðju á staðnum. Ofarlega í fyllingunni, eða um 60 cm ofan við neðri mörk sniðsins sáust leifar af stöku beini.

Grafir þessar var að finna á 13 m kafla í sniðinu. Ekki var hægt að sjá neinar leifar eftir kirkjugarð sunnan og norðan við þetta svæði. Beinir voru öll í afar illa varðveitt. Þau voru mjúk og mikið aflöguð og eydd. Auk grafanna er eins og áður sagði leifar eftir grjóthleðslur að nokkru niðurgrafnar að finna á miðjum þessum kafla. Okkur virtist að þessi mannvirki hefðu verið grafin niður í námunda við núverandi yfirborð, en erfitt er að fullyrða um það, enda efstu lög mjög rótuð. Auk þessa hamlaði mikil kæling þennan dag nána athugun á jarðlögum því þau frusu jafnharðan og þau höfðu verið hreinsuð. Eina gjóskan frá sögulegum tíma á þessu svæði er gjóska úr Heklugosi árið 1104. Gráa gjóskan þar fyrir ofan er líklega úr Heklugosi frá því um 1300. Sýni voru tekin úr þessum gjóskulögum og beðið er greiningar jarðfræðings.

Ljóst er að við vegarlagninguna hefur grafreit verið rutt burtu á um 13 m kafla. Hér er að öllum líkindum um kristinn grafreit frá 11. öld að ræða. Í garðinum sunnanverðum eins og hann kemur fram í sniðinu, voru grafir það þéttar að ekki var unnt að greina skil á milli einstakra niðurgrafa. Síðan tekur við 4 metra kafla þar norður af þar sem aðeins var að finna eina staka gróf. Á þessu sama svæði var að finna hleðsluleifar sem erfitt er að tímasetja. Um er að ræða e.k undirstöðu og óljósa mikið raskaða grjóthleðslu þar norður af. Norðan þessara hleðslna er aftur kafla með þéttum gröfum á 2,5 metra kafla. Einum og hálfum metra þar norðan við er síðan stök gróf. Það er athygli vert að þétt hefur verið grafið sunnan og norðan hleðslnanna en aðeins ein stök gróf á sama svæði og þær eru. Hugsanlegt er að hér hafi kirkjan staðið. Hleðslurnar eru örugglega yngri en grafirnar, en þær geta hafa verið úr seinni tíma kirkju eða öðrum byggingum á sama stað og hin upprunalega kirkja. Engin merki sáust eftir garð umhverfis grafreitinn.

Erfitt er að segja hversu mikill hluti grafreitsins hefur verið fjarlægður við vegagerðina, en það mun þó hafa verið töluvert. Ef sú túlkun okkar er rétt að sniðið fari í gegnum þann stað þar sem kirkjan hefur staðið, þá hefur líklega rúmlega helmingur grafanna verið eyðilagður við framkvæmdirnar. Niðurstöður um aldursgreiningu beinasýna voru þær að beinin væru frá árinu 990. Vegna þessa fundar veður ekki byggt á þeim lóðum vestan vegarins eins og gert var ráð fyrir í skipulagi. Vegkanturinn hefur verið lagður torfi, til varðveislu fyrir síðari tíma rannsóknir á kirkjugarðinum.

Heimildaskrá

Sigurður Bergsteinsson, fornleifafræðingur 2001. Skýrsla um uppgröft að Sauða á Sauðárkróki í maí árið 2000.

Sauða 181763 48 - 12

Sérheiti: Lindin

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Lind

Staðsetning: A 470490 N 582410

Horfin: Já

Staðhættir

Vatnsból var í 60-70 m fjarlægð í norðaustur frá Sauðarbænum, kallað Lindin.

Aðrar upplýsingar

„Aðalvatnsbólið á Sauða var kaldavermislind sem var í 60-70 metra fjarlægð í norðaustur frá bænum. Lindin var um 5-6 metrum lægra sett en bærinn og var því á brattan að sækja þegar vatn var sótt til heimilisnota. Vatnið var frábært að gæðum.

Hitastigið 2°C allt árið. [...] Afi [Christian Hansen] hafði á fyrstu árum sínum á Sauðá grafið skurð frá uppsprettunni niður í Lindarmýrina. Hann bjó svo um að vatnið rann um rör sem auðvelt var að setja fötu undir því landið hallar töluvert á þessu svæði. [...] Rennsli Lindarinnar var [...] 10 lítrar á mínútu samkvæmt minni mælingu.“ (BB 2004: 46)

Heimildaskrá

Björgvin Brynjólfsson. Minningar og Lífssýn. Skagaströnd, 2004.

Sauðá 181763 48 - 131

Sérheiti: Sauðárhús

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Sauðárbrekkur heitir brekkuhallinn suðvestan við Flæðarnar, en norðaustan við Sauðártún. Þar er þýft. Um Sauðárgil fellur áin (...). Neðan við Sauðártún er Lambhúsholt.“ Samkvæmt Kristmundi Bjarnasyni var hjáleigan Sauðárhús í túni Sauðár. Engin merki þessarar hjáleigu er lengur að finna.

Aðrar upplýsingar

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er minnst á eyðihjáleiguna Sauðárhús í landi Sauðár og sagt að þar hafi verið byggt fyrir þrjátíu árum (þ.e. um 1679) á fornu fjárhússtæði. Hjáleigan hélst þó ekki í byggð nema í fáein ár og hefur aldrei byggst upp síðan vegna heyskaparleysis. (Sbr. JÁM: 51) Skúli Magnússon nefnir Sauðárhús einnig sem eyðihjáleigu í jarðabók sinni (1760) og sömuleiðis Johnsen í jarðabók sinni frá 1847. (Sbr. JJ: 256) Sauðárhús koma einnig fyrir í skrá Sveins Pálssonar yfir eyðibýli í ferðabók hans frá 1791-1797. (Sbr. FSP II: 644). Í Sögu Sauðárkróks segir: „Kot þetta var í Sauðártúni. Hefur nú verið sléttað yfir rústir þess. Fyrir neðan túnið hét líka Sauðhúsholt.“ (KB 1969: 18)

Heimildaskrá

Ferðabók Sveins Pálssonar, Dagbækur ritgerðir frá 1791-1797, 2. bindi.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Hið Íslenska fræðarafjelag,

Kaupmannahöfn 1930.

Jarðabók Johnsens frá 1847.

Jarðabók Skúla Magnússonar frá 1760 (handrit í Þjóðskjalasafni).

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrri hluti. Skagfirzkræði.

Sauðárkróksskaupstaður, Sauðárkrókur 1969.

Sauðá 181763 48 - 13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 470300 N 582637

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Upp á melbakkanum sunnan neðsta hluta Sauðárgils, norðaustur af götunni Birkihlíð.

Lýsing

L- laga veggþútur úr torfi og grjóti, 6 m í a-v og 3 í n-s, um 60 cm hár og 180 cm breiður, við norður endann á styttri hlutanum er vegleg steinhella sem gæti hafa verið við innganginn. Hins vegar sér ekkert af öðrum veggjum og erfitt að álykta hvað þetta kunni að vera.



Garðlög í Sauðárgili, horft til norðvesturs. Ljós. GSS.

Sauðá 181763 48 - 14

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 470149 N 582672

Hleðsluhæð: 0.5 m

Lengd: 25-30 cm

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Að hluta

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildamaður: Hjalti Pálsson (2506474419)

Staðhættir

Garður er um 200 m upp í Sauðárgili að norðanverðu.

Lýsing

Garðurinn er norðan megin í gílinu, og liggur norður-suður, um 25-30 m langur 1 m á breidd, og hleðsluhæð um 0.5 m. Garðurinn er grasivaxinn. Birkitré hafa verið gróðursett við austurhlið hans.

Aðrar upplýsingar

Að sögn Hjalta Pálssonar hefur þessi garður tilheyrt bænum á Sauðá.

Norðurendi: A 470149 N 582672

Suðurendi: A 470149 N 582650

Heimildaskrá

Munnlegar upplýsingar og leiðsögn Hjalti Pálsson júní 2002.

Sauðá 181763 48 - 15

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 470152 N 582683

Ástand: Slæmt; Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skógrækt; Stígamyndun

Staðhættir

Neðarlega í Sauðárgili norðan ár, frá Sundpollinum og langleiðina út að mótum Sauðárgils og Grjótklaufar.

Lýsing

Sýnileg garðlög eru frá norðurbarmi gilsins í Réttarhvammi og niður að Sauðárrétt og jafnvel inni réttinni sjálfri. Hluta réttarinnar virðist hafa verið breytt í matjurtagarð en ekki er ljóst hve umfangsmiklar þær breytingar hafa verið. Garðlög eru frá brúnum gilsins að norðan og nánast niður að Sauðá, í gegnum miðju þessara garðlaga hefur verið lagður göngustígur (austur-vestur). Ofan stígsins eru 6 garðlög sem liggja samsíða með 3 m millibili frá stígnum og upp að brekkubrún, um 30 metra löng. Garðlögin fjögur í miðjunni eru mjög greinileg, tæpur 1 m að breidd og um 20-40 cm há, en lögin til hliðanna óljósari. Vestasta garðlagið nær ekki alla leið niður að stígnum heldur endar við 1m háan bakka 7 m frá stígnum. Slíka bakka er einnig að finna mill garðs 3 og 4 og sömuleiðis 5 og 6. Þetta eru að öllum líkindum matjurtagarðar, en hugsanlega hefur hluti réttarinnar verið á þessu svæði þótt stærsti hluti hennar sé neðan stígsins. Garðlög 2 og 3 virðast ná inni réttina neðan við stíginn og lag 4 koma í endann á austurvegg hennar. Vestasta garðlagið neðan stígsins er vesturveggur réttarinnar, hann hefur að mestu verið hlaðinn úr grjóti, en er nú hruninn og gróinn, 2 m breiður og allt að metra hár, 17 m langur frá norðri til suður, beygir þá til austurs 3 m, þá kemur 4 m skarð og svo tekur við samskonar hrunin hleðsla í 8 m sem beygir svo til norðurs 4 m og mætir endanum á garði 4 eins og áður segir. Austan við réttina heldur garðlag 5 áfram og endar á um 40 cm háum bakka gegnt brúnni sem tengir það við lag 6 sem er vel sjáanlegt upp að stígnum en óljóst eftir það. Fast upp við garðlag 6 um miðja vegu milli stígsins og árinna er einhvers konar hólf eða gerði með 15 metra löngum austurvegg og 7 m vesturvegg, 6 metra suðurvegg og 4 m veggstubb og opi til norðurs. Nokkru austar, fyrir ofan Sauðárfoss (neðri fossinn af tveimur sem eru á þessu svæði í gilinu) er voldugur garður sem liggur nálega n-s og gengur frá brekkubrúnni að norðan og niður að klettinum við fossinn. Þessi garður skilur að matjurtagarða sem voru á vegum Verkamannafélagsins Fram annars vegar og Hins skagfirzka kvenfélags hins vegar. Verkamannafélagið átti svæðið austan garðsins en kvenfélagið að vestan.

Aðrar upplýsingar

Í Sögu Sauðárkróks segir: „Á kreppuárunum um 1930 fleygði garðræktinni fram. Árið 1932 berst hreppsnefnd beiðni frá Hinu Skagfirzka kvenfélagi og Verkaannafélaginu Fram um garðlönd. Hreppsnefnd leigir þessum tveimur félögum útmælda og planlagða svæðið norðanvert í Sauðárgili, mælt 1.4 hektarar stærð og hafði kvenfélagið hin austari helming og verkamannafélagið hin vestari. Er landið leigt til garðræktar í 5 ára endurgjaldlaust. Í lok þessa tímabils verður gerður samningur um

fyrirkomulag framhaldsleigu. Árið 1935 sækir svo Garðfélag verkamanna um viðauka til ræktunar matjurta frá vesturenda girðingar þeirra í Sauðárgili og upp að gamla sundpollinum.“ (KB 1969I, 2: 99-101).

Vestasti garðurinn A 470036 N 582610, austasti 470397 582824.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti, 2. Skagfirzlk fræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1973.



Mylluhvammur í Sauðárgili, horft til vesturs. Ljós. GSS.

Sauðá 181763 48 - 16

Hlutverk: Mylla

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 470112 N 582607

Horfin: Að hluta

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Skógrækt

Heimildamaður: Hjalti Pálsson (2506474419)

Staðhættir

Tveir fossar eru neðarlega í Sauðárgili og stóð myllan við efri fossinn í svokölluðum Mylluhvammi sunnan ár.

Lýsing

Neðan við fossinn að sunnan er sléttur bakki um það bil metri lægri en landið í kring, þar hefur myllan að líkindum staðið, enda er þar grænn blettur. Myllan er með öllu horfin, en þarna sjást óljósar hleðslur um 7-10 metra langar sem gætu verið leifar af lögn sem tekin var til hliðar frá ánni ofan við fossinn og leiddi vatn að myllunni.

Aðrar upplýsingar

Í byggðasögu Skagafjarðar segir: „Tveir litlir fossar eru neðarlega í Sauðárgilinu. Neðan við efri fossinn var kornmylla starfrækt á árunum 1884-1914. Úrtakið úr ánni var tekið sunnan við fossinn, en myllukofinn rétt fyrir neðan. Fallhæð fossins var nýtt og tréstokkur flutti vatnið. Engin ummerki sjást lengur eftir mylluna en þarna heitir Mylluhvammur.“ (BS I: 294)

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I, Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrúkur, 1999.

Munnlegar upplýsingar og leiðsögn Hjalti Pálsson í júní 2002.



Réttarhvammur í Sauðárgili, horft til norðvesturs. Ljós. GSS.

Sauðá 181763 48 - 17

Sérheiti: Sauðárrétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 470036 N 582610

Ástand: Sæmilegt

Hleðsluhæð: 0,5-1 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skógrækt; Stígamyndun

Staðhættir

Sauðárrétt er neðarlega í Sauðárgili, norðan ár, í svokölluðum Réttarhvammi, skammt austur af Sundpollinum. (Norðaustur af götunni inni Barmahlíð). Mikill trjágróður er á þessu svæði í gilinu og er það kallað Litli-Skógur.

Lýsing

Réttin er að mestu grasivaxin, hlaðin úr torfi og grjóti. Hleðsluhæð allt að 1 m. Veggjaþykkt um 1-2 m. Réttinni hefur verið skipt niður í allmörg hólfr eða dilka og

mótar vel fyrir flestum þeirra. Erfitt er að átta sig á stærð og umfangi réttarinnar sjálftrar því hluta hennar var breytt í matjurtagarð á fjórða áratugnum og ekki ljóst hve umfangsmiklar þær breytingar hafa verið, en garðlög liggja frá brúnum gilsins að norðan og nánast niður að á. Í gegnum miðju þessara garðlaga hefur verið lagður göngustígur (austur-vestur). Ofan stígsins eru 6 garðlög sem liggja samsíða með 3 m millibili frá stígnum og upp að brekkubrún, um 30 metra löng. Garðlögin fjögur í miðjunni eru mjög greinileg, tæpur 1 m að breidd og um 20-40 cm há, en lögin til hliðanna óljósari. Vestasta garðlagið nær ekki alla leið niður að stígnum heldur endar við metra háan bakka 7 m frá stígnum. Slíka bakka er einnig að finna mill lags 3 og 4 og sömu leiðis 5 og 6. Þetta eru að öllum líkindum matjurtagarðar, en hugsanlega hefur hluti réttarinnar verið á þessu svæði þótt stærsti hluti hennar sé neðan stígsins. Garðlög 2 og 3 virðast ná inni réttina neðan við stíginn og garðlag 4 koma í endann á austurvegg hennar. Vestasta garðlagið neðan stígsins er vesturveggur réttarinnar, hann hefur að mestu verið hlaðinn úr grjóti, en er nú hruninn og gróinn, 2 m breiður og allt að metra hár, 17 m langur frá norðri til suður, beygir þá til austurs 3 m, þá kemur 4 m skarð og svo tekur við samskonar hrunin hleðsla í 8 m sem beygir svo til norðurs 4 m og mætir endanum á garði 4 eins og áður segir. Austan við réttina heldur garðlag 5 áfram og endar á um 40 cm háum bakka gegnt göngubrú sem þar er og bakkinn tengir það við lag 6 sem er vel sjáanlegt upp að stígnum en óljóst eftir það. Fast upp við garðlag 6 um miðja vegu milli stígsins og árinna er einhvers konar hólf eða gerði með 15 metra löngum austurvegg og 7 m vesturvegg, 6 metra suðurvegg og 4 m veggstubb og opi til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Sauðárrett var skilarétt Sauðárhrepps fram til 1930 (sbr. BS I: 293). Árið 1935 sótti Garðfélag verkamanna um viðauka til ræktunar matjurtu frá vesturenda girðingar þeirra í Sauðárgili og upp að gamla sundpollinum (sbr. KB 1969I, 2: 99-101) og um það leyti hefur réttin öll eða hluti hennar fengið nýtt hlutverk.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I, Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur, 1999.

Björgvin Brynjólfsson „Um nokkur örnefni í Borgarsveit“ Skagaströnd 1990

(vélritað blað í gögnum Katrínar, líklega útgefið)

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti, 2. Skagfirzkræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1973.

Sauðá 181763 48 - 18

Sérheiti: Sundpollur

Hlutverk: Sundlaug

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 469993 N 582615

Hleðsluhæð: 0.4 m

Lengd: 37 m

Breidd: 16 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Að hluta

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, skógrækt

Staðhættir

Í skjólsælum hvammi norðan Sauðár, neðarlega í Sauðárgili, skammt vestur af Sauðárreitt.

Lýsing

Það sem ennþá sést af hinum upphaflegu hleðslum hefur hrunið og sigið mikið. Hleðsla sem liggur austur – vestur er um 16 m löng og 0.4 m á hæð. Þessi hleðsla liggur inni bakkann á norðurhlið. Hleðslan sem er í norður – suður er um 37 m löng, og hleðsluhæð um 0.4 m, við norðurhluta hleðslunnar þar sem hann mætir austur – vestur hleðslu, er rof í garðinn um 0.7 m breitt.

Aðrar upplýsingar

Ungmennafélagið Tindastóll fékk árið 1911 styrk frá sýslunni til að finna heppilegan sundstað í nágrenni Sauðárkróks og hófu sjálfbóðaliðar félagsins vinnu við gerð sundstæðisins í norðanverðu Sauðárgili þá um vorið. Ári seinna var framkvæmdum að mestu lokið. Þarna var kennt sund frá 1911-1927 með einhverjum hléum. (Sbr. BS I: 297, KB 1969I: 304-305, SkB XI: 162) Í Sögu Sauðárkróks segir: „Reyndist sundpollurinn allvel í fyrstu. Vatni var veitt úr Sauðánni í sundstæðið sem var alldjúpt eða rúmlega faðmur þar sem dýpst var. En vatnið var ískalt, og urðu nemendur oft að gera margar atrennur áður en þeir þoldu við niður í því. Var kennslu fram haldið í Sundpollinum í Sauðárgili í tuttugu ár eða jafnvel lengur.“ (KB 1969I: 304-305) Lesa má nánar um aðdraganda að byggingu sundstæðisins í Sögu Sauðárkróks, bls. 300-305.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I, Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur, 1999.

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti. Skagfirzkr fræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkrókur 1971.

Skagfirðingabók rit Sögufélags Skagfirðinga XI árgangur, Rvík. 1982: Áin sem hvarf, eftir Sigurjón Björnsson.



Sundpollurinn í Sauðárgili, mynd úr Byggðasögu Skagafjarðar I, bls. 293.

Sauðá 181763 48 - 119

Sérheiti: Skógarvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Vað

Staðsetning: A 469703 N 582428

Staðhættir

Skógarvað var þar sem Sauðáin beygir til suðvesturs gegnt Skógarhlíðinni.

Aðrar upplýsingar

Vað þetta var notað af þeim sem komu ofan úr Gönguskörðum eða ætluðu þangað án viðkomu á Sauðárkróki. (Sbr. BS I: 294)

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagfirðinga, I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Ritst.

Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Minjar á Móum



Gólfskálinn á Hlíðarenda. Mynd úr Byggðasögu Skagafjarðar I, bls 299.

Sauðá 181763 48 - 19

Sérheiti: Hlíðarendi

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 469520 N 583465

Horfin: Já

Staðhættir

Býlið Hlíðarendi var í landi sem tilheyrði Sauðá en tilheyrir nú Sauðárkróksbæ, bærinn stóð við norðurenda Skógarhlíðar á Móunum vestur af Kirkjuklauf, þar er nú golfskáli Golfklúbbs Sauðárkróks.

Lýsing

Bæjarstæðið hefur legið á löngum og grónum melrana, þar er nú golfskáli og búið að slétta úr öllum rústum.

Aðrar upplýsingar

Hlíðarendi er sagður draga nafn af því að þar hafi útmörk Sæmundarhlíðar verið talin vera til forna. Hins vegar heitir hlíðin fyrir ofan bæinn Skógarhlíð og gæti nafnið eins verið komið þaðan. (Sbr. BS I: 299) Þjóðsögur herma að landnámsmaðurinn Sæmundur hinn suðureyski hafi byggt bæ sinn þar sem nú heitir Hlíðarendi (sbr. ÍÞ III: 14)

Elsta heimildin um Hlíðarenda virðist vera Ferðabók Olavíusar frá 1777, en þar er það talið með eyðibýlum (sbr. FO: 316) og sömuleiðis í Ferðabók Sveins Pálssonar frá 1791-1797 (sbr. FSP II: 646). Í sóknarlýsingu frá 1840 segir Jón Reykjalin að stórt umgirt tún hafi verið á Hlíðarenda og hugsanlega sé um landnámsjörð að ræða, en á þessum tíma voru þar beitarhús frá Sauðá. (sbr. SSS II: 28 og 35) Hlíðarendi byggðist aftur á síðari hluta 19. aldar og hélst í byggð í um þrjá áratugi, aðallega þó af fátæklingum og húsfólki. Í Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781-1949 er Hlíðarenda getið sem húsmannsbýlis í Sauðárlandi. (JBS: 49) Eftir að Hlíðarendi fór síðast í eyði voru byggð þar fjárhús sem stóðu fram til 1980, en 1984 var reistur golfskáli þar sem fjárhúsin stóðu og öllu rutt burt. (Sbr. BS I: 299-300)

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagfirðinga, I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Ritst.

Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Ferðabók Olavíusar frá 1780.

Ferðabók Sveins Pálssonar Dagbækur ritgerðir frá 1791-1797, II bindi.

Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II bindi.

Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781-1949.

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzka fræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Sauðá 181763 48 - 20

Sérheiti: Hlíðarendi

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 469520 N 583465

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildamaður: Ingólfur Jón Sveinsson (0912373509)

Staðhættir

Eftir að Hlíðarendi fór síðast í eyði voru byggð þar fjárhús sem stóðu fram til 1980, en 1984 var reistur golfskáli þar sem fjárhúsin stóðu og öllu rutt burt. Fjárhúsið var byggt upp úr bæjarrústum Hlíðarenda, á Móunum vestan Kirkjuklaufar við enda Skógarhlíðar, nú stendur þarna Golfskáli sem var tekin í notkun árið 1984. (BS I: 300)

Lýsing

Bæjarstæði Hlíðarenda þar sem fjárhúsin stóðu er gróinn melrani, þar er nú golfskáli og engar tóftir sýnilegar.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar 1. Bindi Skefilsstaðahreppur-Skarðshreppur, Sögufélag Skagfirðinga 1999.

Sauðá 181763 48 - 90

Hlutverk: Skurður

Tegund: Skurður

Staðsetning: A 468584 N 583719

Þvermál: 1-1.5 m

Hleðsluhæð: 0.4 m

Lengd: 40 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Að hluta

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildamaður: Hjalti Pálsson (2506474419)

Staðhættir

Skurðurinn er í vesturhluta golfvallarins, norðvestur af Hlíðarenda.

Lýsing

Það sem sést af skurðinum er um 40 m langur kafli sem liggur austur-vestur og er um 50 cm breiður. Skurðurinn er handgrafinn og er svolítill ruðningur norðan hans. Um 1 m hár frá botni skurðarins, en um 40 cm hærri en norðurbakkinn, og 60 cm hærri en suðurbakkinn.

Aðrar upplýsingar

Túngarður þessi gæti hafa verið í kringum óljós tóftarbrott sem eru í um 10 m í norður.

Heimildaskrá

Munnlegar upplýsingar og leiðsögn Hjalti Pálsson í október 2001.

Sauðá 181763 48 - 22

Sérheiti: Bakarísgarður

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag 465

Staðsetning: A 469502 N 583441

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 27 m

Breidd: 6 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildamaður: Ingólfur Jón Sveinsson (0912373509)

Staðhættir

Í túni um 30 suður af Hlíðarenda.

Lýsing

Garðinum var skipt í tvo nokkuð jafn stóra hluta, og liggur á móti suðri, hann er 27 m langur og 6 m breiður, hleðsluhæð er allt að 1 m og rennur saman við landslagið í kring.

Aðrar upplýsingar

Í garðinum var m.a. ræktaður rabarbari sem var notaður til sultugerðar fyrir bakaríið, sem var rekið af Guðjóni Sigurðssyni. Bakaríið hafði líka eigið fjós og hænur á sínum snærum. Matjurtarækt hófst á Sauðárkróki laust fyrir 1880, ræktunin fór rólega af stað, en þremur áratugum síðar eru 20 manns með matjurtagarða og uppskeran 78 tonnur samtals. Árið 1912 fer uppskeran yfir 90 tonnur, árið 1919 og 1920 rúmlega

130 tonnur hvort ár. Frá og með árinu 1932 verða stórfeldar framfarir í kartöfluræktinni, garðland stækkað verulega og ræktendum fjölgaði í kjölfarið, árið 1935 eru þeir 38, 1939 eru þeir 60 og uppskeran 733 tonnur. (KB 1973: 98-101).

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti, 2. Skagfirzkræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1973.

Munnlegar upplýsingar og leiðsögn Ingólfur Jón Sveinsson í október 2001.

Sauðá 181763 48 - 23

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 469541 N 583437

Þvermál: 0.5 - 1

Hleðsluhæð: 0.5

Lengd: 12

Breidd: 6

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildamaður: Ingólfur Jón Sveinsson (0912373509)

Staðhættir

Garður er um 50m suð-austur frá golfskálunum á Hlíðarenda.

Lýsing

Garðurinn er um 12 m á lengd, og 6 m á breidd, hleðsluhæð um 0.5 m. Veggirnir eru nokkuð signir og grasigrónir, garðurinn snýr á móti suðri, og er á jafnsléttu.

Aðrar upplýsingar

Matjurtarækt hófst á Sauðárkróki laust fyrir 1880, ræktunin fór rólega af stað, en þremur áratugum síðar eru 20 manns með matjurtagarða og uppskeran 78 tonnur samtals. Árið 1912 fer uppskeran yfir 90 tonnur, árið 1919 og 1920 rúmlega 130 tonnur hvort ár. Frá og með árinu 1932 verða stórfeldar framfarir í kartöfluræktinni, garðland stækkað verulega og ræktendum fjölgaði í kjölfarið, árið 1935 eru þeir 38, 1939 eru þeir 60 og uppskeran 733 tonnur. (KB 1973: 98-101).

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti, 2. Skagfirzkræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1973.

Munnlegar upplýsingar og leiðsögn Ingólfur Sveinsson í október 2001.

Sauðá 181763 48 - 24

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 468862 N 583767

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 1100

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Að hluta

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildamaður: Ingólfur Jón Sveinsson (0912373509)

Staðhættir

Norðvesturendi garðs er fast sunnan vegsins sem liggur vestur á Hálsa meðfram Gönguskarðsá, skammt frá réttinni sem þar er. Suðausturendinn er við botn Grjótklaufar, suðaustur af Hlíðarenda. Vegurinn sem liggur n.-a. frá golfskálunum á Hlíðarenda hefur verið lagður þvert yfir garðinn, annar vegur liggur samsíða garðinum til suðausturs.

Lýsing

Garðurinn er grasivaxinn og er allt að 1 m á hæð, og 1 - 1.5 m á breidd neðst, en mjókkar aðeins upp. Alls er garðurinn um 1230 m langur og liggur í smá beygjum.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn var hlaðinn um 1905. Í Sögu Sauðárkróks segir: „Í júnímánuði árið 1893 boðuðu skagfirskir þingmenn til fundar á Sauðárkróki og var meðal annars rædd tillaga um fjárveitingu úr landsjóði til að verja Sauðárkrókslóð (eign landssjóðs) skemmdum af vatnsrennsli og aurbleytu. Undirtektir urðu daufar. Um þetta leyti eða fyrr hófust Sauðkrækingar handa um að draga úr vatnsaga á Sauðárkróksmölinni. Voru hlaðnir varnargarðar upp á Móum og undir Nöfum. Einn garðurinn náði frá timburpalli fyrir ofan Hlíðarenda og niður undir Grjótaklauf. Annar var fyrir ofan Gránuklauf og veitti vatni norður í Gönguskarðsá nánar greint niður í Svínakelduhvamm, sem síðar hlaut nafnið Brúarhvatn. Fleiri voru garðar þessir, en of langt mál upp að telja.“ (KB 1969I: 233)

Norðvesturendi: A 468862 N 583767

Beygja 1: A 469251 N 583599

Beygja 2: A 469532 N 583526

Suðvesturendi: A 469889 N 583233

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti, 1. Skagfirzka fræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1971.

Munnlegar upplýsingar og leiðsögn Ingólfur Jón Sveinsson í október 2001

Sauðá 181763 48 - 25

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 468862 N 583767

Ástand: Slæmt

Horfin: Að hluta

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Heimildamaður: Ingólfur Jón Sveinsson (0912373509)

Staðhættir

Garður hefur verið við enda girðingar við suð-austur hornið á kirkjugarðinum.

Lýsing

Garðurinn er nærri horfinn, en þarna hefur verið sléttað. Hann hefur legið sv-na.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn var hlaðinn um 1905. Í Sögu Sauðárkróks segir: „Í júnímánuði árið 1893 boðuðu skagfirskir þingmenn til fundar á Sauðárkróki og var meðal annars rædd tillaga um fjárveitingu úr landsjóði til að verja Sauðárkrókslóð (eign landssjóðs) skemmdum af vatnsrennsli og aurbleytu. Undirtektir urðu daufar. Um þetta leyti eða fyrr hófust Sauðkrækingar handa um að draga úr vatnsaga á Sauðárkróksmölinni. Voru hlaðnir varnargarðar upp á Móum og undir Nöfum. Einn garðurinn náði frá

timburpalli fyrir ofan Hlíðarenda og niður undir Grjótaklauf. Annar var fyrir ofan Gránuklauf og veitti vatni norður í Gönguskarðsá nánar greint niður í Svínakelduhvamm, sem síðar hlaut nafnið Brúarhvammur. Fleiri voru garðar þessir, en of langt mál upp að telja.“ (KB 1969I: 233)

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti. Skagfirzkr fræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1971.


Munnlegar upplýsingar og leiðsögn Ingólfur Jón Sveinsson í október 2001.

Minjar á Hálsunum

Sauðá 181763 48

„Hæringsbúðir“

Guðmundur St. Sig. 30/5 2005



Sauðá 181763 48 -21

Sérheiti: Hæringsbúðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: A 468555 N 583627

Hleðsluhæð: 0.3 m

Lengd: 3-4 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Að hluta

Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Landbrot, verklegar framkvæmdir
Heimildamaður: Hjalti Pálsson (2506474419)

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Móunum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Hæringsbúðir eru austast á Hálsunum, norðvestur af Hlíðarenda. Umræddar tóftir eru á þýfðum hól eða stalli ofan við vesturenda golfvallarins á Hlíðarenda (innan girðingarinnar sem umlykur völlinn).

Lýsing

Tóftirnar eru fjórar í röð og liggur röðin nálega a-v. Vestasta tóftin (Hnit: A 468555; N 583627) er um 2 x 7 m að innanmáli, og virðast dyr vera austast á suðurvegg. Norður veggur er óljós. Vegg hæð 10-50 cm, breidd veggja 1-1,2 m. Þá kemur lítil tóft skammt norðaustur af þessari, hún er 4 x 4 m að ummáli, algróin og fremur ógreinileg. Veggir frá gólfi eru hæstir um 20 cm, en 40-50 cm að utan. Breidd veggja er um 1 m. Miðtóftin (Hnit: A 468587; N 583643) er heldur minni en sú fyrri eða 2 x 5 m, og um 25 m austar, vegg hæð frá gólfi er um 60 cm en allt að 150 cm að utan. Þriðja tóftin (Hnit: A 468597; N 583650) um 5 m austar, er 3 x 5 m að innanmáli. Hugsanlegt gripheldi. Veggir eru slitróttir til vesturs og suðurs. Vegg hæð um 60 cm, breidd veggja um 1 m. Tóftasvæðið er allt þýft, lyngi og grasi vaxið og tóftirnar gamallegar.

Aðrar upplýsingar

Í ferðabók sinni frá árunum 1775-1777 segir Ólafur Olavius: „Fyrir ofan Sauðárkrók hjá hálsi litlum eða fjallvegi sjást enn tóftir af svonefndum Hæringsbúðum sem sagan segir að kenndar séu við Hæring þann er segir frá í Grettissögu.“ (FO: 328) Hæringsbúðir koma einnig fyrir í lýsingu Kristians Kálund frá 1872-74, hann lýsir tóftunum ítarlega og samræmist sú lýsing vel umræddum tóftum, þrátt fyrir að staðarlýsing sé ónákvæm. Kálund segir: „Í fornritum er stundum sagt að hafskip lendi í Gönguskarðsárósi, síðan hlýtur útrennslið að hafa breyst, því að þar loka nú sandhólar fyrir. Fyrir sunnan eru gamlar tóftir, svo sem tóftir eftir kaupmenn, eru þær nefndar Hæringsbúðir [...]. [Tóftirnar] eru þrjár hver af enda annarrar stefna aðeins norður en austur. Vestasta tóftin er um 8 m löng, breidd um 4 m, dyr austast á suðurvegg. Miðtóftin er um 25 m austar. Er hún af sömu stærð 8x4 m, dyr austast á suðurvegg. Þriðja tóftin er um 5 m austar, 7x4 m. Dyr virðast austast á suðurvegg. Tóftirnar eru mjög fornlegar, veggir útflattir, en þó mjög greinilegir, nokkurn vegin beinir, aðeins bognir þó á miðtóft. Mælt var sem næst á miðja vegg.“ (KK: 47)

Í sóknarlýsingu séra Jóns Reykjalín, fá 1840 segir : Hæru- eða Hæringsbúðir heita enn nú þar að sunnanverðu við ána, skammt fyrir norðan Hlíðarenda, eyðijörðu út á Hálsunum. Hærubúðir þessar eru nokkrar grasivaxnar tóftir og kvað vera eftir gamlar kaupmannsbúðir. (SSS II: 28) Ólafur Lárusson minnst á kot upp í Hálsinum fyrir ofan Hlíðarenda sem hann kallar Hæringsstaði segir að þar hafi ekki verið býli til langframa vegna lítils landrýmis. (ÓL: 89)

Í viðtali sem Hjalti Pálsson, átti við Egil Helgason, Skógargötu 17, Sauðárkróki á árinu 2000, vísaði Egill á þennan stað sem Hæringsbúðir. Kristmundur Bjarnason segir sagnir um örnefnið Hæringsbúðir mjög á reiki. (KB 1969: 18) Sjálfur vill hann meina að Hæringsbúðir hafi „[...] verið úti á Eyrinni eða nyrst á Króknum, ef til vill á líkum slóðum og Lárubær stóð síðar.“ (KB 1969: 27) Það er rétt að staðarlýsingar eru sumar ónákvæmar og tóftirnar sem oft eru nefndar Hæringsbúðir eru e.t.v.

einkennilega langt frá meintu skipalægi í ósnum, en öðrum heimildum virðist bera saman um að umræddar tóftir hafi í það minnsta gengið undir þessu nafni á 18. og 19. öld.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzkr fræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Kálund, Kristian. Íslenzkir Sögustaðir III, Norðlendingafjórðungi. Reykjavík, 1986.

Ferðabók Ólafs Olaviusar. I, Landshagir í norðvestur-, norður og norðaustursýslum Íslands 1775-1777. Reykjavík 1964.

Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu. 1954.



Hæringsbúðir, horft til austurs. Á myndinni eru Guðm. St. Sig. og Hjalti Pálsson. Ljós. GZ.

Sauðá 181763 48 - 164

Sérheiti: Hæringsbúðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: A 468526 N 583635

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Móunum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Hæringsbúðir

eru austast á Hálsunum, norðvestur af Hlíðarenda. Umræddar tóftir eru undir þýfðum hól eða stalli ofan við vesturenda golfvallarins á Hlíðarenda (innan girðingarinnar sem umlykur völlinn).

Lýsing

Tóftirnar eru þrjár, tvær samliggjandi og ein stök norðan þeirra. Staka tóftin liggur ana-vsv um 10 frá hinum tveim. Mesta vegghæð er 150 cm og mesta breidd 1m. Veggir eru óljósir, hugsanlegar dyr til n-a. Suður af þessari tóft eru tvær aðrar eins og áður segir, sú vestari þeirra er ferhyrnd og liggur nna/ssv. Tóftin er algróin og töluvert þýfð. Dyr virðast vera mót nna. Veggir til ssv eru nokkuð óljósir. Hæð veggja utan er um 50 cm mót vestri en 20 cm mót austri, þar sem veggurinn liggur að brekku hlíðinni. Við austur horn þessarar tóftar er sú þriðja, hún er einnig ferköntuð og liggur eins. Mesta breidd veggja er 1 m, hæð að utan frá gólfi 1m, frá gólfi 80 cm.

Sauðá 181763 48 - 165

Sérheiti: Hæringsbúðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468592 N 583619

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Mounum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Hæringsbúðir eru austast á Hálsunum, norðvestur af Hlíðarenda. Umræddar tóft í miðju sundi sunnan við bakkann sem tóftir nr. 21 standa á. Um 15 suður af næst austustu tóftinni.

Lýsing

Tóftin liggur a-v og er algróin. Engar dyr eru sjáanlegar en veggir eru mikið hrundir. Í miðri tóftinni er aflöng „þúfa“, hugsanlega hrunið þak. Mesta vegghæð er 30 cm og breidd 120 cm.

Sauðá 181763 48 - 166

Sérheiti: Hæringsbúðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468588 N 583593

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Mounum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Hæringsbúðir eru austast á Hálsunum, norðvestur af Hlíðarenda. Umrædd tóft er í brekkufætinum suður af tóftum nr. 21, hinumegin sundsins.

Lýsing

Tóftin er 3 x 3,5 m að innanmáli og liggur nnv-ssa, hún er algróin og veggir töluvert hrundir. Mesta hæð veggja frá gólfi er um 130 cm. Mesta breidd veggja er um 120 cm. Gólfið hækkar til suðurs upp í brekkuna.



Horft til norðurs yfir tóftir nr. 167 og 168. Ljós. GSS.

Sauðá 181763 48 - 167

Sérheiti: Hæringsbúðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468506 N 583610

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir, uppblástur

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Móunum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Hæringsbúðir eru austast á Hálsunum, norðvestur af Hlíðarenda. Umræddar tóftir eru rétt vestan við girðinguna umhverfis golfvöllinn, í svolitlum hvammi, grasivöxnum með melhóla og gróðurlitla móa umhverfis.

Lýsing

Vestan golfvallarins er aflöng tóft um 32 m að lengd og 12 m að breidd og liggur í nna-ssv. Tóftin eru mjög gamalleg, mosa- og lyngivaxin. Innra skipulag er frekar

óljóst en þó má sjá móta fyrir herbergjaskipan. Lítið herbergi virðist vera í sv enda, 1 x 2 m að innanmáli, sem liggur nv-sa og er opið út til sv og inní stærra herbergi til na. Það herbergi er 9 m langt og um 2 m breitt, og virðast dyr hafa verið til na fyrir miðjum vegg, þar er annað herbergi 2,5 x 3 m með óljósa vegg til suðurs, þetta herbergi gæti hafa verið stærra, en upphafleg veggjalög eru óljós þar sem yngri tóft, líklega af mókofa, er þar ofan á. Sú tóft liggur nna-ssv og er 2 x 3 m að innanmáli með slitróttan vegg til sa, en dyr til nv. Norðvestur af mókofatóftinni er síðasta sýnilega herbergið í eldir tóftinni. Tóftasvæðið er allt nokkuð þýft og mosa og lyngi vaxið, fyrir utan yngri tóftina sem er grasi vaxinn. Hæð tóftasvæðisins er mest þar sem yngri tóftin er ofan á, eða um 170 cm miðað við umhverfið.

Aðrar athugasemdir

Hugsanlega er hér um fornan skála að ræða.

Sauðá 181763 48 - 168

Sérheiti: Hæringsbúðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468506 N 583605

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir, uppblástur

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Mounum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Hæringsbúðir eru austast á Hálsunum, norðvestur af Hlíðarenda. Umræddar tóftir eru rétt vestan við girðinguna umhverfis golfvöllinn, suðaustan í svolitlum hvammi, grasivöxnum með melhóla og gróðurlitla móa umhverfis.

Lýsing

Erfitt er að gera sér grein fyrir innra fyrirkomulagi tóftarinnar. Hún stendur nokkuð hærri en umhverfið og er mjög þýft og sker sig því vel úr sléttu umhverfinu. Nyrst í tóftinni er hólf, 2,5 x 2 með dyrum til vesturs, og hugsanlegum gangi um 3,5 m löngum til suðurs inní tóftina. Þar verður tóftin öll mjög óljós, en hugsanlegar dyr má greina til sv.

Sauðá 181763 48 - 26

Hlutverk: Móþurrkun

Tegund: Tóft


Staðsetning: A 468348 N 583555

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Landbrot

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af



Móunum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti.

Tóftir þessar eru vestan golfvallar á Hálsunum milli Kringlu og Hæringsbúða. Þegar farið er eftir veginum norðan golfvallarins og komið vestur fyrir enda hans er hæð á vinstri hönd og uppi á henni er hringlaga tóft, hugsanlega gamall mókofi eða móstaði þar sem mór hefur verið þurrkaður úr mógröfunum sem eru á stóru svæði þar vestur af.

Lýsing

Tóftin er 3 m í þvermál, með útflatta og torgreinilega vegg, engar sjáanlegar dyr. Um 7 m suð-vestur af umræddri tóft er óljóst vegglag sem myndar einskonar hornklofa sem er opinn til norðurs, suðurhlíðin er 3 m löng og veggendarnir sitt hvorum megin um 4 m að lengd, vegg hæð 5-30 cm.

Aðrar upplýsingar

Á Hálsunum var helsta mótekjussvæði Sauðárkróksbúa um árabil. Í Sögu Sauðárkróks egir: „Þegar neyðin var mest, 1916, var gerð gangskör að því að leita að nýju mótaki, og það fannst –uppi í Hálsunum. Sama ár var unnið að vegargerð að mótakinu. [...] Stofnað var félag, Mógarafélagið, um svarðartekjuna og svæðinu skipt niður í reiti. [...] Árið 1916 eru fimmtíu heimilisfeður með mógrafir, 1918 eru þeir tuttugu fleiri.“ (KB 1971: 84) Í skrá um búpeningseign og jarðargróða í Sauðárkrókshreppi er að finna tölur um mótekju hreppsúa mæld í hestburðum. Mótekjan náði hámarki eftir að nýju grafirnar voru teknar í notkun. Frá 1916-1920 voru teknir frá um 2000 til allt að 6500 hestar á ári.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti, 1. Skagfirzka fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1971.

Sauðá 181763 48 - 27

Hlutverk: Móþurrkun

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468319 N 583541

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Landbrot

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Móunum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Tóftir þessar eru vestan golfvallar á Hálsunum milli Kringlu og Hæringsbúða.

Lýsing

Um 30 m suðvestur af tóft **nr. 26**, uppi á annarri hæð er sporöskjulaga tóft svipuð þeirri hringlaga, með útflatta vegg og engar sjáanlegar dyr, vegg hæð um 10 cm. Tóftin liggur a-v og er lengri hliðin 4 m að innanmáli og sú styttri 3 m.

Aðrar upplýsingar

Á Hálsunum var helsta mótekjussvæði Sauðárkróksbúa um árabil. Í Sögu Sauðárkróks segir: „Þegar neyðin var mest, 1916, var gerð gangskör að því að leita að nýju mótaki, og það fannst –uppi í Hálsunum. Sama ár var unnið að vegargerð að mótakinu. [...] Stofnað var félag, Mógarafélagið, um svarðartekjuna og svæðinu skipt niður í reiti. [...] Árið 1916 eru fimmtíu heimilisfeður með mógrafir, 1918 eru þeir tuttugu fleiri.“

(KB 1971: 84) Í skrá um búpeningseign og jarðargróða í Sauðárkrókshreppi er að finna tölur um mótekju hreppsþúa mæld í hestburðum. Mótekjan náði hámarki eftir að nýju grafirnar voru teknar í notkun. Frá 1916-1920 voru teknir frá um 2000 til allt að 6500 hestar á ári.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti, 1. Skagfirzlk fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1971.

Sauðá 181763 48 - 28

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468269 N 583644

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrunn eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Mounum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Tóftir þessar eru vestan golfvallar á Hálsunum milli Kringlu og Hæringsbúða.

Lýsing

Þegar farið er eftir veginum norðan golfvallarins og komið vestur fyrir enda vallarins er fyrst farið niður smá brekku og svo upp á eilítla hæð. Á hól sem er á hægri hönd þegar komið er upp hæðina er að finna tvær tóftir. Önnur þeirra er nokkuð skýr og er í hallanum suð-austur í hólnum, liggur nánast a-v, 3 m löng og 1,5 m breið að innanmáli, veggjapýkkt er um 1 m og veggghæð 20-30 cm. Ofan á miðjum hólnum er ferkantaður gróinn bakki, með hugsanlegu hleðslugrjóti, hóllinn er að öðru leyti uppblásinn efst og norðast. Hugsanlega er hér um mannvirki að ræða. Þessi bakki liggur í n-s og er 2 m breiður í norðurendann og greinilegur 3 m til suðurs en óljós eftir það.

Aðrar upplýsingar

Á Hálsunum var helsta mótekjusvæði Sauðárkróksþúa um árabil. Í Sögu Sauðárkróks segir: „Þegar neyðin var mest, 1916, var gerð gangskör að því að leita að nýju mótaki, og það fannst –uppi í Hálsunum. Sama ár var unnið að vegargerð að mótakinu. [...] Stofnað var félag, Mógrafarfélagið, um svarðartekjuna og svæðinu skipt niður í reiti. [...] Árið 1916 eru fimmtíu heimilisfeður með mógrafir, 1918 eru þeir tuttugu fleiri.“ (KB 1971: 84) Í skrá um búpeningseign og jarðargróða í Sauðárkrókshreppi er að finna tölur um mótekju hreppsþúa mæld í hestburðum. Mótekjan náði hámarki eftir að nýju grafirnar voru teknar í notkun. Frá 1916-1920 voru teknir frá um 2000 til allt að 6500 hestar á ári.


Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti, 1. Skagfirzlk fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1971.

Sauðá 181763 48 - 28

Guðmundur St. Sig. 28/4 2005

Hnit: ISN93 A 468269 N 583644



Sauðá 181763 48 - 29

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468180 N 583658

Hleðsluhæð: 0.5-1 m

Lengd: 13 m

Breidd: 3 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Að hluta

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Móunum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti. Umrædd tóft er neðan vegar á Hálsunum milli Kringlu og Hæringsbúða.


Lýsing

Torflög eru vel greinileg og töluvert sést af hleðslugrjóti, ytri veggir tóftarinnar eru þó frekar óljósir og renna saman við landslagið. Tóftin liggur nálega í a-v, 13 m löng og 3 m breið að innanmáli, hleðsluhæð 0,5-1 m og veggjaþykkt um 1 m. Hún er opin til austurs.

Sauðá 181763 48 - 29


Guðmundur St. Sig. 28/4 2005

Hnit: ISN93 A 468180 N 583658



Sauðá - 181763 48 - 30-34

Guðmundur St. Sig. 28/4 2005



Sauðá 181763 48 - 30

Hlutverk: Óþekkt/Fornbýli?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468125 N 583631

Hleðsluhæð: 10-40 cm

Lengd: 5 m

Breidd: 3,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Áfok

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Mounum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti.

Nánari lýsing

Umrædd tóft er rétt norðan við veginn þar sem hann liggur fast norðan hólins.

Lýsing

Tóftin er 3,5 x 5 m að utanmáli og liggur nálega í nv-sa, dyr virðast hafa verið til norðausturs. Þakið hefur fallið inn og veggjalög eru óljós innan tóftarinnar en skýrari að utan, veggghæð er 10-40 cm og greinilegt hleðslugrjót er í suð-vesturenda óftarinnar. Fast upp við norðvesturenda tóftarinnar liggur gata og hinu megin er vegurinn.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti, 1. Skagfirzkræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1971.

Sauðá 181763 48 - 31

Hlutverk: Óþekkt/Fornbýli

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468115 N 583604

Hleðsluhæð: 30-40 cm

Lengd: 5 m

Breidd: 3 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Áfok

Staðhættir

Á svokölluðum Hálsunum sunnan Gönguskarðsár milli Kringlu og Hæringsbúða, vestan golfvallar.

Nánari lýsing

Norðan golfvallarins liggur vegur vestur eftir Gönguskarðsánni. Þegar komið er vestur fyrir golfvöllinn liggur hann niður smá brekku og svo upp á eilitla hæð. Spölkorn í vestur þegar komið er upp hæðina er áberandi hóll vinstri megin vegarins. Á hólnum og í nágrenni hans eru fjórar tóftir og leifar túngarðs.

Lýsing

Ofarlega vestan í hólnum er útflött og gamalleg tóft sem snýr u.þ.b. a-v og er opin til austurs. Hún er tvískipt, 5 m löng og 3 m breið að innanmáli. Á miðjum norðurvegg gengur veggstubbur inní tóftina en nær ekki alla leið að suðurveggnum. Þykkt veggja

er 40-50 cm og hæð 30-40 cm. Hóllinn er allur gróinn og sléttur efst en þýfður þegar neðar dregur og jarðvegurinn dýpri.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti, 1. Skagfirzkræði.
Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1971.

Sauðá 181763 48 - 32

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hleðsluhæð: 30-40 cm

Lengd: 4 m

Breidd: 3 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Áfok

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Mounum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti.

Nánari lýsing

Þegar farið er eftir veginum, sem liggur norðan golfvallarins, til vesturs eftir Gönguskarðsánni. Er farið niður smá brekku og svo upp á eilitla hæð. Spölkorn í vestur þegar komið er upp hæðina er annar hól vinstri megin vegarins. Á hólnum og í nágrenni hans eru fjórar tóftir og leifar túngarðs. Umrædda tóft er að finna í stórpýfinu austan til í hólnum, um 30 m frá tóft 31..

Lýsing

Tóftin er þýfð og óskýr. 3 x 4 m, að utanmáli opin til suðurs. Vegghæð um 30-40 cm og breidd um 40 cm.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, síðari hluti, 1. Skagfirzkræði.
Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1971.

Sauðá 181763 48 - 33

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 468125 N 583593

Ástand: Gott

Hleðsluhæð: 50-60 cm

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Sauðárkrókur (gamlibærinn) er undir brekkubrún eða stalli, sem kallast Nafir, flatlendið ofan þeirra kallast Móar. Vestur af Mounum þegar farið er upp með Gönguskárðsánni (sunnan ár) er svæði sem kallast Hálsar, þ.e. norðurhlíð fjallsins Molduxa og niður að gili Gönguskarðsár. Gegnt Skarði og Veðramóti.

Nánari lýsing

Umrædd tóft er sunnan vegar á sama hól og tóftir 31 og 32. Syðst í hólnum fast upp við túngarðinn, um 30 sunnan við tóft 31, þar sem beygjan er kröppust á garðinum.

Lýsing

Ofarlega vestan í hólnum er tvískipt tóft sem snýr u.þ.b. a-v og er opin til austurs um 30 metrum sunnar og ögn neðar í hólnum er óregluleg tóft, um 2 m í þvermál, með 30 cm þykka vegg 50-60 cm háa. Fast upp við hana liggur garðlag í boga frá austri til vesturs, og kemur tóftin í beygjuna þar sem hún er kröppust og hefur markað suðvesturhorn túnsins. Engar dyr eru sjáanlegar á tóftinni.

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470089 N 584006

Staðhættir

Húsið stóð eilítið ofan við húsið sem nú stendur við Lindargötu 7.

Lýsing

Í Sögu Sauðárkróks vitnar Kristmundur Bjarnason í hýbýlalýsingu frá árinu 1891 þá er bærinn „5 herbergi og eldhús og loft yfir allri þeirri byggingu, smiðjuhús áfast við og kofi þar suður af.“ (engra heimilda er getið) Svo heldur Kristmundur áfram og segir: „Var þetta öllu fremur timburbær en torfbær, eins og áður er getið. Þilveggur var að austan og þilstafnar, en að vestan torfveggur; torfpak á húsinu, sem timburklætt var í hólf og gólf. Er þetta eina húsið í þorpinu, sem kallað er torfhús, en húsaskattur þó greiddur af, enda reisulegur bær.“ (KB 1969:174)

Aðrar upplýsingar

Þetta var fyrsti mannabústaðurinn sem byggður var við Sauðárkrók, byggt 1871, og markar upphaf þéttbýlismyndunar á svæðinu. Eigandi og smiður var Árni Árnason járnsmiður, kallaður Árni vert. „Þarna var fyrsta veitinga- og gistihús Sauðárkróks og jafnframt sjúkrastofa. Nú er bærinn horfinn af sjónarsviðinu. Árni reisti sér timburhús árið 1897 – Ásamt Theóbalð syni sínum – eilitlu neðar á sömu lóð, og stendur það enn, merkt Lindargata 7, var áður ýmist nefnt Árna verts hús, Theóbalds- eða Tesahús.“ (KB 1969:174)

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzsk fræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Sauðá 181763 48 - 149

Sérheiti: Skórabær/ Freyjugata 10b

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470213 N 583850

Staðhættir

Bærinn stóð þar sem nú er Freyjugata 10b.

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.

Aðrar upplýsingar

Bærinn var byggður um 1876. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Torfbær þessi stóð utan Syðrilindar, austan við Eggertshús svonefnt (sjá síðar). Skóarabær reisti Guðmundur Bergþórsson járnsmiður, sem áður er nefndur. Er hann fór til Vesturheims, seldi hann Guðmundi Jónssyni skóara bæ sinn. Guðmundur druknaði í Sauðárkrókshöfn árið 1891, og eignaðist þá bæinn Jón bróðir hans, sem kallaður var skóarabróðir. Hann varð holdsveikur og lézt á hæli í Reykjavík. Kona hans var Sólborg Sigurðardóttir frá Kjartansstöðum. Hún seldi Guðmundi Sigvaldasyni bæinn. Bjó hann þar lengi. – Skóarabær er nú horfinn af sjónarsviðinu “ (KB 1969: 176-7)

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzlk fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Sauðá 181763 48 - 150

Sérheiti: Jónsbær/ Suðurgata 12

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470194 N 583634

Staðhættir

Bærinn stóð á lóð Suðurgötu 12, skammt ofan við núverandi hús (Grund).

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.

Aðrar upplýsingar

Bærinn var byggður 1879. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Torbæ þenna reisti Jónas Símonarson. Hann fór til Ameríku upp úr 1880 eins og áður er getið. Árið 1883 eignaðist Jón sigurðsson frá Tjörn (við Flæðitjörn) bæinn og síðar Bjarnleifur spilari sonur hans. Þar, sem áður var Jónsbær, þó heldur neðar á lóðinni stendur nú hús Halldórs Þorleifssonar járnsmiðs (Grund) , reist 1917.“ (KB 1969: 177)

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzlk fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Sauðá 181763 48 - 151

Sérheiti: Kofinn/Hreppskofinn/ Lindargata 5b

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470084 N 583981

Staðhættir

Bærinn stóð þar sem nú er Lindargata 5b.

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.

Aðrar upplýsingar

Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Þetta var lítill torfbær ofan við Miðhús. Þar var búið til ársins 1905. Síðustu árin bjuggu þar aðeins einhleypingar. Pálmi Pétursson telur Kofann frá árinu 1890. Hann gæti þó verið eldri“ (KB 1969: 185)

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzlk fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Sauðá 181763 48 - 152

Sérheiti: Jósefsbær/ Schramsbær/ Ósland/ Ólafsbær /Freyjugata 20

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470277 N 583749

Staðhættir

Bærinn stóð þar sem nú er bílastæði fyrir aftan (austan) Pósthúsið við Kirkjutorg.

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.

Aðrar upplýsingar

Byggt um 1892. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Þetta var torfbær sunnan við Sauðána, skammt ofan við malarkambinn. Jósef járnsmiður Schram reisti, bjó þar og hafði þar vinnustofu sína, meðan hann átti heima á Sauðárkróki. Er Jósef fluttist brott með fjölskyldu sína (1905), keypti Ólafur Guðmundsson, Gunnarssonar hreppstjóra á Skíðastöðum, bæinn og bjó þar unz hann reisti húsið Áróss 1925. Jósefsbær var raunar ekki á Sauðárkróki lagalega séð, þar eð kaupsútslóðin takmarkaðist af Sauðánni að sunnan. Jósef hefur því væntanlega fengið byggingarleyfi hjá Christian Hansen bónda á Sauðá.“ (KB 1969: 191)

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzlk fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Sauðá 181763 48 - 153

Sérheiti: Runólfsbær/ Önnubær/ Freyjugata 24

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470298 N 583717

Staðhættir

Bærinn stóð þar sem nú er Freyjugata 24.

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.

Aðrar upplýsingar

Byggt um 1895. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Runólfur Jónsson bátsformaður reisti þenna torfbæ, en bjó þar skamma hríð. Árið 1898 flutti Jónas Jónasson frá Tjörn (við Flæðitjörn) í bæinn ásamt Önnu Kristjánsdóttur konu sinni, og við hana var bærinn kenndur. Þarna var búið til 1930.“ (KB 1969: 191-2)

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzlk fræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Sauðá 181763 48 - 154

Sérheiti: Eyrarhús III/ Bakki

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning:

Staðhættir

Bærinn var undir Nöfunum á eyrinni norður af Sauðárkóki og stóð innst við svokallaða Eyrarbrekku.

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.

Aðrar upplýsingar

Byggt um 1897. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Torfbær innst við Eyrarbrekku. Björn Þorláksson í Kolgröf reisti handa stjúp dóttur sinni, Ingibjörgu Björnsdóttur, og manni hennar Sigurði skósmið Þórðarsyni. Þau fluttust til Vesturheims ásamt fjórum dætrum árið 1902. – Hér bjó Magnús Benediktsson frá Grísatungu, faðir Unnar, konu Jóns Björnssonar deildarstjóra K.S., og þeirra systkina. Einnig bjó Hálf dán Kristjánsson sjómaður í bænum. Lóðin fór í sjó árið 1914.“ (KB 1969: 193)

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzkr fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Sauðá 181763 48 - 155

Sérheiti: Eyrin IV/ Hafliðabær/ Brekkubær

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning:

Staðhættir

Bærinn stóð á eyrinni norður af Sauðárkróki.

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.

Aðrar upplýsingar

Byggt um 1900. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Torfbær, reistur af Hafliða Gunnarssyni frá Skálahnjúk. [...] Eftir Hafliða bjó í húsinu Runólfur Jonsson sjómaður, en síðast bjó þar Gísli Gíslason frá Lág múla á Skaga. Bærinn var rifinn 1960“ (KB 1969: 198)

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzkr fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Sauðá 181763 48 - 156

Sérheiti: Eyrin V/ Háeyri/ Hálf d ánsbær

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning:

Staðhættir

Bærinn stóð á bökkum eyrarinnar norður af Sauðárkróki, svokölluðum Eyrarbökkum.

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.

Aðrar upplýsingar

Byggt um 1900. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Torfbær á Eyrarbökkum, reistur af Magnúsi Benediktssyni frá Grísatungu, sem fyrr bjó í Árbæ við Sauðárkrók [...] Á Háeyri bjó Hálfðán Kristjánsson sjómaður síðast. Lóðin fór í sjó áirð 1914. Þá voru þrjú syðstu húsin farin í eyði af sjávarbroti, eftir stóðu Eyrarhús og Brekkubær.“ (KB 1969: 200)

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzk fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Sauðá 181763 48 - 157

Sérheiti: Pétursbær/ Ljósavatn/ Suðurgata 18b

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470215 N 583543

Staðhættir

Bærinn stóð þar sem nú er Suðurgata 18b.

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.

Aðrar upplýsingar

Byggt um 1901. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Torfbær við brekkuna, nokkru sunnar en Keta. Að byggingu hans munu nokkrir menn hafa staðið ásamt Hallgrími organista. Pétur Eriksen skósmiður [...] stækkaði [síðar] bæinn.“ (KB 1969: 200)

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzk fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Sauðá 181763 48 - 158

Sérheiti: Oddi / „Sjóbúðin hans Jóhanns“/ Freyjugata 26

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470305 N 583695

Staðhættir

Bærinn stóð þar sem nú er Freyjugata 26.

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.

Aðrar upplýsingar

Byggt um 1904. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Úr torfi og grjóti. Reist af Jóhanni Oddssyni.“ (KB 1969: 201) Þegar Kristmundur ritar þetta er búðin enn uppistandandi, hún er nú horfin.

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzk fræði.

Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.



„Markaðshátíð á Sauðárkróki 1906. Frá v.: Eggertshús; skúr á miðri mynd (með hleraopum og tveim gluggum); gripahús, sem Páll Vídalín sýslumaður átti lengi; torfhús, (nær á myndinni) Borgarbúð; Skóarabær fjær. Skúrinn á bak við gæti verið einn Knudsensskúrinn. – Syðri-Eyri (efst á myndinni): Yzt og neðst er Lárubær, þar fyrir ofan Hafliðabær (Brekubær), síðan Bakki; Háeyri syðst og efst.“
Mynd og texti úr *Sögu Sauðárkróks I*, bls. 192-3.

Sauðá 181763 48 - 159

Sérheiti: Stefánsbær/ Skógargata18

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470120 N 583731

Staðhættir

Bærinn stóð þar sem nú er Skógargata 18.

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.


Aðrar upplýsingar

Byggt um 1904. Í *Sögu Sauðárkróks* segir Kristmundur Bjarnason: „Úr torfi og timbri, reistur af Stefáni Sigurðssyni. [...] Bærinn var rifinn 1955, er steinhúsið var reist, sem þar er nú.“ (KB 1969: 202)

Heimildaskrá

Kristmundur Bjarnason. *Saga Sauðárkróks*, fyrsti hluti. Skagfirzk fræði.
Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969.

Minjar í landi Sauðárkróks, áður Veðramótslandi.



Veðramót 146737 40 – 1

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóftir

Staðsetning: A 467755 N 583706

Staðhættir

Sunnan Skarðsvegar milli Hraksíðuár og Kallár, skammt norður af Gönguskarðsárstíflu, er lítil en nokkuð djúp laut. Þar er að finna tóftir eins eða fleiri húsa og leifar túngarðs þar skammt suð-austan við.

Lýsing

Í miðri lautinni er lítill en nokkuð hár hóll, um 5 m í þvermál þar sem hann er hæstur, 2 m frá lægsta punkti lautarinnar. Þar ofan á er tvískipt tóft sem liggur í na-sv. Stærri hólfið er 1,5 x 2 m opið annarsvegar út til sa og hins vegar inní hitt hólfið til na. Minnahólfið er 1,5 x 1,5 m opið út til nv. Veggir þessara tófta eru fremur litlir og torgreinilegir. Norðan og austan þeirra eru stærri og greinilegri tóftir sem standa töluvert lægra. Tóftirnar nyrst og austast í lautinni, liggja í nv-sa. Sú austari er 10 x 3 m að innanmáli, opin í báða enda. Veggir eru frá 0,5-1 m að breidd og allt að 1 m háir. Veggirnir eru völdugastir til suðurs og þar eru jafnframt greinilegar grjóthleðslur. Nyrst er lítil tóft, 2 x 3 m með dyrum til sv. Breidd veggja er 1 m.

Aðrar upplýsingar


Sögn eru um að fólk hafi búið á þessu svæði í kofum um miðja 19. öld, en engin frekari vitneskja um það hefur fengist. (BS I: 255)

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagfirðinga, I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Veðramót 146737 40 - 2

Guðmundur St. Sig. 20/6 2005
Hnit ISN93: A 467689 N 583685



Veðramót 146737 40 – 2

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 467689 N 583685

Staðhættir

Sunnan Skarðsvegar milli Hraksíðuár og Kallár, skammt norður af Gönguskarðsárstíflu, eru ræktuð tún, inná milli eru melhólar og votir geirar. Utan í tveimur þessara hóla eru merki um einhverskonar gripheldi eða réttir og skammt frá annarri þeirra (þeirri vestari) er aflöng tóft.

Lýsing

Tóftin stendur í votum geira skammt suðaustur af melhól, sem virðist vera með hlöðnum bakka til suðausturs, en garðleifar eru norðan í honum. Bakkinn er um 1 m hár og liggur í snyrtilegum boga umhverfis hólinn að sunnan og suðaustan. Garðlagið að norðan er slitrótt um 1 m að breidd og 50 cm hátt. Tóftin sjálf sem er um 9 m til suðaustur frá bakkanum, liggur nv-sa og benda skil í gróðrinum til að hún sé um 10 m löng og 2 m breið. Veggir eru sýnilegir til norðvesturs um 1 m að breidd og 30-40 cm að hæð, en verða mjög óljósir til suðausturs.

Aðrar upplýsingar

Sögn eru um að fólk hafi búið á þessu svæði í kofum um miðja 19. öld, en engin frekari vitneskja um það hefur fengist. (BS I: 255) Þetta hefur þó tæplega verið mannbústaður.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagfirðinga, I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Veðramót 146737 40 - 3

Guðmundur St. Sig. 20/6 2005
Hnit ISN93: A 467709 N 583676



Veðramót 146737 40 – 3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 467709 N 583676

Staðhættir

Sunnan Skarðsvegar milli Hraksíðuár og Kallár, skammt norður af Gönguskarðsárstíflu, eru ræktuð tún, inná milli eru melhólar og votir geirar. Utan í tveimur þessara hóla eru merki um einhverskonar gripheldi eða réttir. Umrædd tóft er austar en hin u.þ.b. beint í suður austurenda L-laga skurðar sem er þarna í túninu fyrir ofan.

Lýsing

Garðlagið er sunnan í svolitlum melhól sem stendur nærri gilsbrún Gönguskarðsár, skammt vestur af Gönguskarðsárstíflu. Garðurinn er u.þ.b. hringlaga, veggir eru greinilegir að sunnan og austan en óljósir til vesturs, að norðan er hóllinn. Rof er í veggnum að suðaustan og virðist einhverskonar farvegur liggja í gegnum miðja réttina frá nv til sa.

Aðrar upplýsingar

Sögn eru um að fólk hafi búið á þessu svæði í kofum um miðja 19. öld, en engin frekari vitneskja um það hefur fengist. (BS I: 255)

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagfirðinga, I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Samantekt

Minjar og vaðveislugildi

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á vaðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna.

Hugtakið menningarlandslag hefur einnig verið í umræðunni í tengslum við svokallaða menningartengda ferðaþjónustu og má segja að þessi árin sé fólk að átta sig á mikilvægi menningararfsins til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera vitni um gamalt verklag, byggingahætti og landnotkun. Kynning á fornleifum er þó ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og sögu jarðar og búskaparhætti, sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Fjöldi fornleifa á jörðunum

Vorið 2005 voru skráðar 163 fornleifar í kaupstaðarlandi Sauðárkróks. Þar af voru 160 áður í landi Sauðár, en þrjár í landi Veðramóts. Af þessum 163 fornleifum voru 43 horfnar, mest sjóbúðir frá því um og fyrir 1900 en einnig brunnar og brýr frá svipuðum tíma. .

Jörð	Fjöldi fornleifa	Horfnar	Horfnar % (af skráðum tóftum)
Sauðá	160	43	27%
Veðramót	3	0	0%
Alls	163		

Minjar í landi Sauðár

Tóftir á hinu skráða svæði hafa þurft að gjalda návígisins við þéttbýlið. Í heimatúni jarðarinnar Sauðár eru einungis eftir leifar af hesthúskofa og litlar leifar af túngarði. Bæjarhóllinn sjálfur hefur verið sléttaður út og stendur nú minnismarki þar sem að bærinn mun hafa staðið. Þó svo að í túni séu lítil ummerki um byggð að finna ofanjarðar geymir jörðin þar mikla sögu. Við gatnagerð árið 1998 komu í ljós leifar áður óþekktar grafreits og bentu ummerki til að garðurinn sé frá elstu tíð kristins siðar í landinu. Þegar teknir voru könnunarskurðir í tengslum við byggingaframkvæmdir 2004 kom í ljós leifar mannvirkis frá því fyrir 1100 (Þór Hjaltalín, skv. samtali).

Minjar í þéttbýlinu

Innan þéttbýlisins er fáar minjar að finna frá fyrri tíð enda hefur land þar verið lagt undir byggð, auk þess sem töluvert af elstu byggð Sauðárkróks fór undir sjó á öðrum áratug tuttugustu aldar, seinni tíma hafnarframkvæmdir og landfylling hafa einnig breytt ásýnd gömlu fjörunnar. Einn fátíðar fornleifastaða í þéttbýlinu er sjóbúðartóft við

svokallaðan Fornós. Annars eru þær minjar sem skráðar eru í kaupstaðarlandinu flestar frá fyrri hluta 20. aldar er kauptúnið var að byggjast upp auk nokkurra minja um veru herliðs á stríðsárunum. Einnig er að finna nokkur garðlög og smátóftir, merki um matjurtarækt og smábúskap kreppuáranna. Þessar minjar eru ekki verndaðar skv. þjóðminjalögum en eru mikilvægar heimildir um breytta búshætti og bjargræði fólks á mótunarárum byggðar við Sauðárkrók.

Minjar utan þéttbýlis

Þrátt fyrir að margar minjar hafi horfið vegna framkvæmda í og við bæjarhól Sauðárþéttbýlis sem og annarsstaðar í þéttbýlinu eru þó enn fjölmargar minjar að finna innan marka bæjarlandsins. Er þar helst að nefna fornleifar á Hryggjadal og á svokölluðum Hálsunum, en auk þess á Sauðárkrók land norðan Gönguskarðsár milli ána Hráksíðu og Kallár neðan Skagavegar og er þar að finna nokkrar minjar.

Minjar í Hryggjadal

Fornleifar eru á a.m.k. þremur stöðum austan Gönguskarðsár í Hryggjadal. Engar heimildir eru til um þessa minjastaði en minjarnar eru allar mjög grónar og fornar í útliti. Á Hrólfsvöllum eru greinilegar leifar af rétt og öðrum tóftum en óvíst er hvaða tilgangi þessar minjar þjónuðu. Réttin virðist hlaðin á eldri minjum en enginn túngarður er greinilegur. Þarna kann því upprunalega að hafa staðið sel. Utan Hrólfsvallar eru svo minjar, túngarður og tóftaupphækkun efst innan hans. Þessar minjar eru allar fremur ógreinilegar og sokknar í stórþýfismóa. Engar heimildir eru til um þennan stað en þekkt er úr munnmælum bæjarnafnið Háreksstaðir eða Háleggsstaðir. Utan þess staðar eru svo leifar af fornþýlinu Háagerði. Þar eru glöggar minjar túngarðs og lítills bæjarhóls. Minjarnar eru þó allar hlaupnar í þúfur og farnar að samlagast umhverfinu.

Minjar á Hálsunum

Fjölmargar minjar eru á svokölluðum Hálsunum ofan (vestan) golfvallar Sauðárkróksbæjar. Fornþýlið Kringla er vel varðveittur minjastaður. Þar er að finna mjög virkjamikla garða, túngarð og önnur garðlög áföst honum. Innan garðs má svo finna eina mjög greinilega forna tóft auk þess sem þar er nokkuð veglegur bæjarhóll sem á eru ógreinilegar tóftarmyndanir. Innan túngarðsins eru þó augljósastar minjar torf- og grjóthlaðins fjárhúss sem byggt mun hafa verið um 1935. Þó svo að vegarslóði hafi rofið túngarð á tveimur stöðum og liggi þvert í gegn um túnið eru minjarnar vel varðveittar en hluti þeirra hefur hlaupið nokkuð í þúfur og er að samsamast mounum umhverfis. Austan túnsins á Kringlu er svo tóft af rétt, torf- og grjóthlaðinni.

Á Hálsunum er einnig að finna töluvert af minjum er tengjast mótekju en þar eru fjöldamargar og stórar mógrafir. Auk þess er þar að finna allmargar tóftir svokallaðra mókofa/móbyrgja er notaðir voru til að þurrka og geyma mó. Vera kann að einhverjar þeirra tófta sem skráðar voru á svæðinu séu leifar einhverskonar útihúsa en margar tóftanna voru nokkuð fornar útlits og jarðsokknar. Á einum stað er greinilegt túngarðsbrot umhverfis nokkrar tóftir á lítilli hæð. Vera kann að þar sé um að ræða minjar óþekkts smábýlis.

Minjar á Móum og golfvelli

Vestast í svokölluðu Hlíðarendatúni, þar sem að golfvöllur Sauðárkróks er nú, er að finna nokkrar tóftir en hlutverk þeirra er óþekkt. Hér eru tóftir þessar kallaðar

Hæringsbúðir. Í ýmsum heimildum eru Hæringsbúðir taldar fornar kaupmannsbúðir og í ferðabók frá síðari hluta 19. aldar lýsir Kristian Kålund tóftunum og er greinilegt að um sömu tóftir er að ræða. Ekki verður fullyrt um hvort að um hinar eiginlegu Hæringsbúðir er að ræða en víst er að rústirnar hafa gengið undir því nafni á 19. öld. Rústirnar sem Kålund lýsir liggja í röð á hæð vestast á golfvelli en einnig fundust nokkrar tóftir á svæðinu í kring innan marka golfvallarins. Rétt vestan golfvallarins eru leifar tveggja fornra bygginga en óljóst er hvort eða hvernig tengsl þessara bygginga er við Hæringsbúðir svokallaðar.

Minjar norðan Gönguskarðsár

Sauðárkrókur á land neðan Skagavegar milli áнна Hraksíðu og Kallár, en þetta tilheyrði áður Veðramóti og eru minjar sem þar hafa fundist skráðar undir Veðramót. Þarna er að finna leifar nokkurra rétta og a.m.k. eitt bæjarstæði. Litlar heimildir eru til um byggð á svæðinu en þó er sögn um að þarna hafi verið búið í kofum um miðja 19. öld. (BS I: 255) Þarna gætu leynst minjar undir yfirborðinu en búið er að rækta stóran hluta af þessu svæði og grafa skurði.

Minjar og varðveisla þeirra

Misjafnt er í hversu mikilli hættu minjar á skráningarsvæðinu eru. Minjar í og við þéttbýlið eru í mestri hættu enda er þar mest um verklegar framkvæmdir. Flestallar minjar á bæjarstæði Sauðárbæjarins hafa nú þegar horfið en þó má ætla að enn finnist þar miklar minjar í jörðu. Bæjarhóllinn er enn ósnertur auk þess sem að hluti kirkjugarðsins er enn óskemmdur.

Aðrar minjar innan þéttbýlisins hafa nú þegar flestar horfið og óvíst er að þar finnist miklar minjar í jörðu.

Töluverðar minjar er hinsvegar að finna á golfvelli Sauðárkróks og á svokölluðum Hálsunum. Sérstaklega þarf að taka tillit til minjanna sem liggja innan golfvallarmarkanna vegna hverskyns framkvæmda sem þar kunna að fara fram. Rétt vestan golfvallarins eru einnig leifar af tveimur mjög fornum byggingum. Margar þessara minja eru mjög fornlegar þótt ekki verði fullyrt nánar um aldur þeirra hér. Auk örnefnisins Hæringsbúða munu (skv. Samtali við Ingólf Jón Sveinsson) hafa verið sjóbúðir eða þurrabúðir á svæðinu sem kann að skýra tilvist einhverra þessara minja.

Á Hálsunum eru einnig miklar minjar tengdar mótekju, mógrafir og mótóftir. Nú þegar hafa nokkrar minjanna skemmst vegna lagninga vegslóða en minjarnar eru þó varla í mikilli hættu nema að farið verði í einhverjar framkvæmdir á svæðinu.

Minjar á Hryggjadal eru í lítilli sem engri hættu nema ef vera skyldi frá uppblæstri eða landbroti.

Minjar norðan Gönguskarðsár gætu verið í hættu vegna vegaframkvæmda í tengslum við Þverárfjallsveg, og sömuleiðis ef ráðist er í frekari túnrækt á svæðinu.

Niðurlag

Flestar minjanna á skráningarsvæðinu voru, eins og við er að búast, hefðbundnar búsetuminjar en auk þess er um að ræða minjar frá elstu Íslandsbyggð auk leifa bygginga og landnýtingar, allt fram á 20. öldina.

Allar minjanna sem liggja í og við þéttbýlið má telja í mikilli hættu vegna framkvæmda hverskyns. Við framkvæmdir, svo sem byggingarframkvæmdir, veglagningar eða skóg- og jarðrækt er mikilvægt að tekið sé tillit til þeirra fornleifa sem vera kunna á svæðinu. *Skráning fornleifa er því mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem þar er um að ræða verklegar framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar.*

Margar minjar hafa horfið við túnrækt og aðrar framkvæmdir á síðastliðnum áratugum. Sérstaklega á það við um minjar í heimatúni Sauðárbæjarins. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt að þær sjáist ekki ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir og þær ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.

Minjar sem hafa sérstakt minjagildi eða eru áhugaverðar til kynningar:

Hryggjadalur

- Minjar á Hrólfsvöllum svokölluðum.
- Minjar ónefnds fornbylis móti Kerlingastöðum.
- Leifar fornbylisins Háagerðis.

Hálsar

- Tóftir Hæringsbúða svokallaðra auk annarra tófta í nágrenni þeirra.
- Tvær fornar tóftir rétt vestan við golfvöllinn.
- Leifar mótekju og móvinnslu á Hálsunum.

Sauðá

- Bæjarhóll gamla Sauðarbæjarins.
- Sjóbúð, naust við Fornós.

Fylgiskjöl

Listi yfir hnit í landi Sauðár

	Sauðá
	Sauðárgil
	Móar og Nafir
	Hálsar
	Hryggjadalur
	Sauðárkrókur

		Hnit ISN 93	
		Austun	Norðun
Sauðá			
1	Bæjarstæði	470454482912	582387691931
2	Hálfkirkja	470474732830	582447295957
3	Öskuhaugur	470471160847	582383698592
4	Brunnur	470468810494	582460122303
5	Hesthúskofi	470463361474	582260263156
6	Hestús, <i>Valhöll</i>	470723695494	582502306917
7	Fjárhús	470642616058	582622234576
8	Fjós	470483219801	582458980197
9	Ópekkt	470453086635	582371368227
10	Túngarður	470412000000	582391000000
11	Grafreitir/Kirkja (Beinafundur)	470476934055	582446885056
12	Vatnsból, <i>Lindin</i>	470529015324	582427194951
131	Hjáleiga, <i>Sauðárhús</i>		
13	Ópekkt	470300488623	582637813242
14	Garður	470149000000	582672000000
15	Matjurtagarður	470027685984	582621738735
15	Matjurtagarður	470184851018	582689690726
15	Matjurtagarður	470373699188	582837684325
16	Mylla	470112450914	582607403732
17	Sauðárrétt	470032784368	582606910489
18	Sundpollurinn	469978982282	582605530948
119	Vað, <i>Skógarvað</i>	469703601674	582428071130
22	Bakarísgarður	469502212518	583441173228
23	Matjurtagarður	469541265147	583437685846
24	Varnargarður	468862000000	583767000000
25	Varnargarður	468862000000	583767000000
73	Brú, <i>Gönguskarðsárbrú 1875</i>	468151643493	583722850623
74	Brú, <i>Gönguskarðsárbrú 1906</i>	469780692588	584647627103
75	Vað, <i>Svínakelduvað</i>	469834381476	584721001255
Hlíðarendi			
19	Bæjarstæði	469520305896	583465706447
20	Fjárhús	469509377144	583472164480
90	Túngarður	468584421637	583718789383
Hæringsbúðir			
21	Ópekkt	468591219320	583655677643
164	Ópekkt	468526229581	583635477098
165	Ópekkt	468592096986	583619010247
166	Ópekkt	468588960443	583593133766
167	Ópekkt	468506927955	583605803410

168	Ópekkt	468506693181	583605360955
-----	--------	--------------	--------------

26	Mópurkun	468371627217	583585251996
27	Mópurkun	468348795063	583561632525
28	Ópekkt	468259828392	583652961143
29	Fjárhús	468180903515	583656727599
30	Ópekkt	468131495938	583634065567
31	Ópekkt	468118898887	583611233413
32	Ópekkt	468145667620	583622255832
33	Ópekkt	468121260834	583594699784
35	Ópekkt	468078002212	583637870926
36	Ópekkt	468067224736	583631471799
37	Ópekkt	468053416094	583628777430
38	Ópekkt	467986000000	583591000000
39	Ópekkt	467952000000	583569000000
40	Ópekkt	467940000000	583554000000
41	Tún-/varnargarður	467941000000	583552000000
42	Ópekkt	467876000000	583529000000
43	Ópekkt	467836000000	583518000000
44	Ópekkt	467821000000	583508000000
45	Ópekkt	467839000000	583507000000
46	Ópekkt	467855000000	583510000000
47	Ópekkt	467881000000	583516000000
48	Ópekkt	467866000000	583501000000
49	Ópekkt	467880000000	583488000000
50	Ópekkt	467904000000	583483000000
51	Ópekkt	467890000000	583465000000
52	Ópekkt	467848000000	583558000000
53	Ópekkt	467850000000	583623000000
54	Ópekkt	467843000000	583583000000
55	Ópekkt	467730000000	583424000000
56	Ópekkt	467732000000	583435000000
57	Ópekkt	467730000000	583424000000
58	Ópekkt	467731000000	583387000000
59	Ópekkt	467739000000	583377000000
60	Ópekkt	467696000000	583311000000
61	Ópekkt	467696000000	583311000000
64	Ópekkt	467850000000	583623000000
65	Ópekkt	467796000000	583574000000
66	Ópekkt	467776000000	583568000000
67	Ópekkt	467768000000	583551000000
146	Mótekja	468226000000	583452000000
88	Vað, Klapparvað		

Kringla

68	Býli	467151000000	583078000000
69	Fjárhús	467151000000	583078000000
62	Túngarður	467151000000	583078000000
94	Rétt		
160	Rétt		
161	Ópekkt		
162	Ópekkt		

163	Fjárhús/ beitarhús og hlaða		
92	Garðlag	466136000000	582126000000
93	Gata		

Háagerði

70	Býli	465606000000	580979000000
71	Túngarður	465606000000	580979000000
63	Óþekkt	465606000000	580979000000
72	Óþekkt	465398000000	580799000000
76	Býli	465297000000	580295000000
77	Túngarður	465288000000	580371000000

Hrólfsvellir

91	Rétt	465131000000	579851000000
95	Stekkur/bústaður	465131000000	579851000000
96	Óþekkt	465131000000	579851000000
78	Sjóbúð, <i>Holtsbúð</i>		
79	Sjóbúð, <i>Bræðrabúð</i>		
80	Sjóbúð, <i>Borgarbúð</i>		
81	Sjóbúð, <i>Sauðárbúð</i>	470137595357	584141378896
82	Fornós	471622086145	583080517274
83	Sjóbúð	471590333630	582937697301
84	Sjóbúð	470203910961	583817028143
85	Sjóbúð	470195299667	583638009393
86	Vatnsból, <i>Ytri-lind</i>	470074523125	584049110897
87	Matjurtagarður	469952041629	583936378254
87	Matjurtagarður	469983854388	583910349633
89	Landamerkjaskurður	471252000000	582572000000
147	Bústaður, <i>Kvíar</i>		
148	Bústaður, <i>Vertshús/ Árna verts hús</i>	470089447838	584006058380
149	Bústaður, <i>Skórabær</i>	470213008802	584006058380
150	Bústaður, <i>Jónsbær</i>	470194735871	583634364906
151	Bústaður, <i>Kofinn/Hreppskofinn</i>	470083571375	583980579092
152	Bústaður, <i>Jósefsbær/ Schramsbær/ Ósland</i>	470277249361	583749220950
153	Bústaður, <i>Runólfsbær/ Önnubær</i>	470298005411	583717195949
154	Bústaður, <i>Eyrahús III/ Bakki</i>		

Minjar frá 20. öld.

97	Vatnsból, <i>Syðri-lind</i>	470105130133	583799353310
98	Bryggja, <i>Gamla bryggjan</i>	470225452944	584003790704
101	Stígur, <i>Kirkjugarðsstígur</i>	470101000000	583669000000
104	Reiðgata, <i>Vetrarbraut</i>	470237000000	583758000000
106	Matjurtagarður	469891308179	583654401522
107	Reiðgata	470158000000	584710000000
108	Reiðgata, <i>Kirkjuvegur</i>		
109	Stokkur, <i>Syðri-lindarræsi</i>	470109017130	583799463692
112	Sjóbúð	471590000000	582937000000
113	Brú, <i>Læknisbrú</i>	470224402024	583708325095
116	Bústaður, <i>Nýibær</i>	470254669337	583465044430
117	Fjós / Hlaða	470075920866	583996721189
118	Reiðgata		


120	Varnargarður	469847000000	584351000000
122	Sjóbúð Sveins Nikódemussonar	469778517486	583790328767
123	Kirkjugarðurinn	470112551461	583537272725
124	Brú, Sýslumannsbrú	470234678892	583640466247
127	Skrúðgarður, Knudsensgarður	470232037338	583836269936
128	Brú	470282910270	583795779853
129	Íshús	469993910589	583872862247
130	Íshús	470064871149	584003429208
132	Fjárhús, fjós, hlaða	470132093933	583755506434
133	Íshús	469934689214	583618250659
135	Fjós, Bakarafjósið	470102697118	584167545522
136	Girðing	471991834791	582244079743
137	Brunnur, Lárubrunnur	470210886164	584505434197
138	Brunnur	470183573451	584611043353
139	Brunnur		
140	Brunnur, Vídalínspóstur	470171838877	583903119460
143	Stokkur, Hesthúspallur	470296645427	583498495721
144	Fjós, Blöndalsfjósið	470098983105	584091408769
145	Ópekkt	469936135249	583839493941
155	Bústaður, Eyri IV/ Hafliðabær/ Brekkubær		
156	Bústaður, Eyri VI/ Háeyri/ Hálfðánsbær		
157	Bústaður, Pétursbær/ Ljósavatn	470215333554	583543190766
158	Sjóbúð, Oddi /"Sjóbúðin hans Jóhanns"	470305004723	583694777741
159	Bústaður, Stefánsbær	470120324816	583731073214


Stríðsminjar


102	Braggi	470077676828	583964156201
103	Skotgröf	470435219032	583625662570
105	Skotgröf	470064007489	584094486887
110	Skotgröf	470163000000	584710000000
111	Braggi	470233539326	584703148849
114	Byrgi	470009000000	583853000000
115	Byrgi	470009883010	583853954286
121	Byssustæði	470080954186	583953180766
125	Byssustæði	470091786760	583987615828
126	Virki	470181921625	584506592279
141	Byrgi	470167500773	583423035998
142	Byrgi	470207989740	583318921512

Listi yfir hnit í landi Veðramóts

1	Ópekkt	467755000000	583706000000
2	Ópekkt	467689000000	583685000000
3	Ópekkt	467709000000	583676000000









Heimildaskrá

Skammstafanir fyrir heimildir í texta eru innan sviga aftan heimildanna á listanum.

Björgvin Brynjólfsson. *Minningar og Lífssýn*. Skagaströnd, 2004. **(BB)**

Björgvin Brynjólfsson „Um nokkur örnefni í Borgarsveit“ Skagaströnd 1990 (vérlitað blað í gögnum Katrínar Gunnarsdóttur, líklega útgefið)

Byggðasaga Skagfirðinga, I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999. **(BS I)**

Drög að skýrslu um fornleifaskráningu fyrir Sauða eftir Katrínu Gunnarsdóttur. **(KG)**

Ferðabók Ólafs Olaviusar. Landshagir í norðvestur-, norður og norðaustursýslum Íslands 1775-1777 ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Cristian Zienners um surtarbrand, I. Reykjavík 1964. **(FO)**

Ferðabók Sveins Pálssonar, 2. bindi, Dagbækur og ritgerðir frá 1791-1797. **(FSP II)**

Franch Michelsen. *Skagfirðingabók* 27. Reykjavík, 2001. **(FM 2001)**

Íslenskar Þjóðsögur III. Ólafur Davíðsson. **(ÍÞ III)**

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. Hið Íslenska fræðarafjelag, Kaupmannahöfn 1930. **(JÁM)**

Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781-1949, *Skagfirzk fræði XI* Sögufélag Skagfirðinga 1950. **(JBS)**

Jarðalýsingar frá 1849 eru í óprentuðu handriti í HSk., unnar af sýslumanni og tilskipuðum matsmönnum. Þetta mat var aldrei lögtekið en það er tekið hér upp orðrétt vegna glöggra og ítarlegra jarðalýsinga sem þar koma fram **(J)**

Jarðabók Johnsens frá 1847. **(JJ)**

Jarðabók Reynistaðaklausturs 1728. **(JR)**

Kristian Kålund. *Íslenzkir Sögustaðir* III, Norðlendingafjórðungur. Reykjavík, 1986. (Úr Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island. Sem kom út á árunum 1877-1882) **(KK)**

Kristmundur Bjarnason. *Saga Sauðárkróks*, fyrsti hluti. Skagfirzk fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1969. **(KB 1969)**

Kristmundur Bjarnason. *Saga Sauðárkróks*, síðari hluti, 1. Skagfirzk fræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1971. **(KB 1971)**

Kristmundur Bjarnason. *Saga Sauðárkróks*, síðari hluti, 2. Skagfirzkræði. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki 1973. (**KB 1973**)

Kristmundur Bjarnason. *Sýslunefndarsaga Skagfirðinga*, fyrri hluti. Akureyri 1987.

Kristmundur Bjarnason. *Sauðárkróskirkja og formæður hennar*; Saga kirkjumála og kennidóms í Fagranesprestakalli forna; Útg. Sóknaarnefnd Sauðárkróskirkju 1992. (**KB 1992**)

Kristmundur Bjarnason. *Skagfirzkrur annáll 1847-1947*, seinna bindi, Sögufélag Skagfirðinga. Sauðárkrókur 1998. (**KB 1998**)

Króksbók. Útgefandi Rotaryklúbbur Sauðárkróks, Sauðárkróki 1993. (**Króksbók**)

Ólafur Lárusson. *Skagfirsk fræði II: Landnám í Skagafirði*. 1940. (**ÓL 1940**)

Sigurjón Björnsson. „Áin sem hvarf“, bls. 156-158. *Skagfirðingabók* rit Sögufélags Skagfirðinga XI árgangur. Reykjavík, 1982. (**SB 1982**)

Sigurður Bergsteinsson, fornleifafræðingur 2001. Skýrsla um uppgröft að Sauða á Sauðárkróki í maí árið 2000.

Sturlunga Saga, III bindi. (**SS III**)

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins Íslenska Bókmennafélags 1839-1873, II, Skagafjarðarsýsla. *Safn til landfræðisögu Íslands*. Jón Reykjalín 1954. (**SSS II**)

Túnakort Sauðár, Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefni í Sæmundarhlíð hinni fornu, eða frá Gönguskarðsá til Reykjaskarðs. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. (**MJ**)

Rannsóknaskýrslur

Byggðasafns Skagfirðinga:

- 1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfingsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
- 2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 3 **Hólar í Hjaltadal** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 4 **Steinsstaðir í Tungusveit** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
- 5 **Grafarós og Hofsós** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
- 6 **Víðimelur í Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
- 7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
- 8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnaua, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal**. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
- 9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
- 10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
- 11 **Glaumbær**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
- 12 **Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði**. Arna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
- 13 **Höfði á Höfðaströnd**. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 14 **Hátún og Mikligarður**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 15 **Syðra-Skörðugil**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað**. Guðný Zoëga júlí 2003.
- 17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
- 18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi**. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.
- 19 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð. Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 20 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðfirði**. Guðný Zoëga október 2003
- 21 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt**. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 22 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuholt og Lyngholt**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 23 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sjávarborg. Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 24 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 25 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 26 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 27 **Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.
- 28 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð**. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004.
- 29 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
- 30 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum**. Guðný Zoëga, mars 2004.
- 31 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ**. Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 32 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi**. Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 33 **Greining mannaheina úr kirkjugarðnum í Keldudal, Hegranesi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.
- 34 **Hallormsstaður og nágrenni**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 35 **Hálsþorp í Djúpavogshreppi**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 36 **Neðri-Ás í Hjaltadal**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 37 **Vopnafjörður**. Hæmildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 38 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði**. Grófargil, Brautarholti, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 39 **Fornleifakönnun í landi Arnarness, Garðabæ**. Daniel Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir október 2004.
- 40 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ**. Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner.
- 41 **Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning**. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí 2005.
- 42 **Sauði í Borgarsveit**. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní 2005.

Heimasíða Byggðasafns Skagfirðinga er: www.krokur.is/glaumb/